



Ársskýrsla 2007



Akureyrarbær

Geislagötu 9

600 Akureyri

Sími 460 1000

Fax 460 1001

www.akureyri.is | www.visitakureyri.is

Allar upplýsingar um símanúmer einstakra stofnana og netföng starfsmanna er að finna á heimasíðu bæjarins.

Fólkið í garðinum

Myndirnar sem prýða ársskýrsluna að þessu sinni eru teknar í Lystigarðinum á Akureyri og sýna mannlífið í þessari gróðurvin bæjarins.

Útgefandi:	Akureyrarbær 2008
Umsjón:	Ragnar Hólm Ragnarsson
Yfirlestur og prófarkir:	Gunnar Frímannsson og Sigríður Stefánsdóttir
Ljósmyndir:	Ragnar Hólm Ragnarsson
Hönnun og umbrot:	Stíll
Prentun og bókband:	Ásprent



EFNISYFIRLIT

Ávarp bæjarstjóra	4
Bæjarstjórn og bæjarráð	4
Akureyrarstofa	4
Búsetudeild	6
Fasteignir Akureyrarbæjar	6
Fjármála- og hagþjónusta	7
Fjölskyldudeild	7
Framkvæmdadeild	8
Heilsugæslustöðin	9
Íþróttadeild	10
Samfélags- og mannréttindadeild	11
Skipulagsdeild	11
Skóladeild	12
Starfsmannþjónusta	14
Öldrunarheimili	15
Akureyrarmódelið	17
Fulltrúar Akureyrarbæjar í nefndum og stjórnnum 31. desember 2007	18
Fulltrúar Akureyrarbæjar í samstarfsnefndum/verkefnum	19
Fulltrúar Akureyrarbæjar í stjórnnum fyrirtækja	19



ÁVARP BÆJARSTJÓRA

Ágætu Akureyringar,

Ég er nú að ljúka mínu fyrsta starfsári sem bæjarstjóri og það ár hefur verið bæði ánægjulegt og annríkt. Akureyri er gott sveitarfélag að búa í og heimsækja. Á síðustu 10 árum hefur íbúum fjölgað um 2.160 eða um 216 að meðaltali á ári. Á árinu sem var að líða fjölgaði hins vegar um rúmlega 430 manns sem er ánægjuleg staðreynd og 17 þúsundasti Akureyringurinn fæddist síðsumars.

Þessi fólksfjölgun er afar ánægjuleg og sýnir vonandi að sú mikla fjárfesting sem lögð hefur verið í grunngerð samfélagsins á þessum 10 árum hefur skilað góðum árangri.

Fjárfesting í skólum, íþróttamannvirkjum, bættri aðstöðu fyrir menningarlíf og tómstundaiðkun skilar sér í meiri ánægju íbúa og fjölgun þeirra. Samkeppni er á milli sveitarfélaga um íbúa og þar stendur Akureyri vel að vígi.

Á árinu hefur lítið sem ekkert atvinnuleysi verið hér og það er fréttænmt í sjálftu sér, mikil uppbygging á sér stað í verslun, þjónustu og skólastarfi.

Leik- og grunnskólar Akureyrar eru mikilvægur hluti af starfsemi bæjarins og við erum stolt af því starfi sem fer fram á hverjum degi á þeim vinnustöðum þar sem tæplega 4.000 íbúar eru daglangt við nám og störf. Skólar Akureyrar eru góðir skólar og þar er bæði hæft og gott



Bæjarbúar

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands voru íbúar Akureyrar 16.822 hinn 1. desember 2006. Samkvæmt bráðabirgðatölum voru íbúar 1. desember 2007 17.253 og hafði fjölgað um 431 eða um 2.50%. Karlar voru 8.499 og konur 8.754.

Frá 2. desember 2006 til 1. desember 2007 fæddist 261 barn en 103 bæjarbúar létust. Samkvæmt hreyfingaskrá voru brottfluttir 1.107 en aðfluttir til bæjarins 1.380, þ.e. aðfluttir umfram brottflutta voru 273.

Flutningar innan bæjarins voru 2.527 á árinu 2007.

Elsti íbúi bæjarins 1. desember 2007 var Kristín Jónsdóttir, fædd 16. mars 1908.

Bæjarstjórn og bæjarráð

Á bæjarstjórnarfundum 9. janúar var samþykkt að ráða Sigrúnu Björk Jakobsdóttur sem bæjarstjóra frá þeim degi í samræmi við samkomulag meirihlutflokka Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Í samkomulaginu var einnig kveðið á um að Kristján Þór Júlíusson léti af störfum bæjarstjóra. Á sama fundi var Kristján Þór kjörinn forseti bæjarstjórnar í stað Sigrúnar Bjarkar.

Bæjarstjórn hélt 20 fundi á árinu. Á aðalfundi 5. júní var Kristján

starfsfólk sem sinnir sínum mikilvægu störfum af alúð og elju. Nemendur hér í bæ koma ágætlega út á þeim mælikvörðum sem notaðir eru til að meta skólastarf á landinu.

Félagsleg þjónusta á Akureyri hefur vakið athygli á landsvísu og fjölmargar nefndir og ráð á vegum annarra sveitarfélaga og ríkisins hafa lagt leið sína hingað til að kynnst því af eigin raun hvernig málefni fatlaðra, starfsemi heilsugæslunnar og öldrunarþjónustan hafa verið samþætt hinni almennu félagsþjónustu okkar. Í allri hugsun og skipulagningu eru þarfi og geta einstaklingsins hafðar að leiðarljósi. Það er ljóst, að sú reynsla, sem við búum að, mun nýtast vel þegar hafist verður handa við að færa málefni aldraðra og fatlaðra yfir til sveitarfélaganna sem verður vonandi á þessu kjörtímabili ríkisstjórnarinnar.

Framtíð Akureyrar er björt og ég lít svo á að Eyjafjardarsvæðið sé eini raunverulegi valkosturinn við höfuðborgarsvæðið. Það er hlutverk okkar allra að halda fram kostum Akureyrar og leggja okkar af mörkum til að viðhalda vexti og velgengni bæjarfélagsins.

Akureyri í maí 2008,

Sigrún Björk Jakobsdóttir.

Sigrún Björk Jakobsdóttir,
bæjarstjóri á Akureyri

Þór Júlíusson endurkjörinn forseti bæjarstjórnar til eins árs, Sigrún Stefánsdóttir 1. varaforseti og Jóhannes Gunnar Bjarnason 2. varaforseti.

Bæjarráð hélt 42 fundi á árinu. Hermann Jón Tómasson er formaður bæjarráðs.

Tvisvar í mánuði yfir vetrartímann eru auglýstir viðtalstímar bæjarfulltrúa. Þar eru til viðtals tveir bæjarfulltrúar sem taka við erindum, ábendingum og fyrirspurnum. Erindin eru færð til bókar og fundargerðirnar lagðar fyrir bæjarráð, sem fjallar um erindin og kemur þeim til afgreiðslu í bæjarkerfinu. Haustið 2007 voru viðtalstímar færðir frá mánudögum yfir á fimmtudaga, frá kl. 17-19.

Alþjóðlegt samstarf var umtalsvert á árinu, bæði innan norrænu vinabæjarkedjunnar og utan. Akureyrarbær er þátttakandi í samstarfi þjóða á norðurhveli jarðar undir hatti Northern Forum. Fulltrúar Akureyrar sóttu allsherjarþing samtakanna í Khanty-Mansiysk í Rússlandi. Þar lagði bæjarstjórinn á Akureyri fram boð og tillögu um að aðalstöðvar samtakanna, sem nú eru í Anchorage í Alaska, yrðu færðar til Akureyrar. Samþykkt var að skoða það mál gaumgæfilega og jafnframt var samþykkt að næsti tengiliðafundur yrði á Akureyri árið 2008.

Akureyrarstofa

Akureyrarstofa tók til starfa um mitt ár eftir umfangsmikla undirbúningsvinnu. Í kjölfarið voru lagðar niður menningardeild og markaðs- og kynningardeild en málaflökkar þeirra voru sameinaðir í Akureyrarstofu, ásamt ferða- og atvinnumálum. Ráðinn var framkvæmdastjóri stofunnar og þrír verkefnisstjórar á sviði ferða- og atvinnu-mála, menningarmála og viðburðahalds og markaðs- og kynningarmála.

Unnið var að fjölda verkefna á sviði markaðssetningar og ferðamála. Markaðsátakið „Komdu norður“ þar sem á fjórða tug fyrirtækja og stofnana lögðu saman krafta til að kynna Akureyri sem áfangastað um vetur vakti



mikla athygli. Páskar voru markaðssettir undir heitinu „Páskaævintýri“ og með svipuðum hætti var „Adventureævintýri“ kynnt fyrir jól. Þá var farið í markaðsátak með Háskólanum á Akureyri og framhaldsskólunum þar sem skólabærinn var kynntur sérstaklega. Vaxtarsamningur Eyjafjarðar rann sitt skeið á enda á árinu, en Akureyrarbær var virkur þátttakandi í því starfi. Ákveðið var að halda áfram með nýjan samning en breyttar áherslur þar sem m.a. var hætt að ganga út frá ákveðnum fyrirframgefnum klösum eins og áður var.

Akureyrarbæjar, SÍM og Form-Íslands samtaka hönnuðu. Sýning á verkum tilnefndra var opnuð á Akureyrarvöku á Listasafninu á Akureyri, en tilkynnt var um úrslitin í beinni sjónvarpsútsendingu frá Flugsafninu á Akureyri í september. Sýningarhald á Listasafninu á Akureyri gekk vel og voru gestir samtals 17.836.

Listasumar var skipulagt af Menningarmiðstöðinni Listagili og stóð hátíðin í átta vikur samfelt með hápunkti í Akureyrarvöku sem jafnframt markar afmæli Akureyrarbæjar. Akureyrarvaka var með glæsilegra móti



Tíu sóttu um starfslaun listamanna og á Vorkomu Akureyrarstofu var tilkynnt að Björg Þórhallsdóttir söngkona og Kristján Ingimarsson leikari fengu starfslaun í 6 mánuði hvort. Zlatko Novak fékk viðurkenningu Húsvernðarsjóðs fyrir endurbætur á Norðurgötu 8 og Hólmsteinn Snædal Rósbergsson fyrir framlag til endurbyggingar eldri húsa í bænum og varðveislubækkingar á gömlu handverki. Svanur Eriksen arkitekt hlaut byggingarlistaverðun Akureyrar fyrir farsælt starf og framlag til góðrar byggingalistar.

Útlánam á Amtsbókasafninu fjölgaði á árinu, voru 200.455 og gestum fjölgaði, voru 113.748 í samanburði við 107.696 árið áður. Fjölmargar sýningar voru haldnar í samstarfi við ýmsa ólíka aðila, til dæmis sýning í tilefni af 200 ára afmæli Jónasar Hallgrímssonar og tvær sýningar vegna 150 ára afmælis Jóns Sveinssonar – Nonna. Þá hófst myndun dagblaða á vegum Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Lokið var við að mynda Dag, Veðráttuna og byrjað á DV. Með þessu móti verða blöðin aðgengileg öllum á stafrænu formi og vegna þessa var starfsmönnum fjölgað um þriðja.

Á Héraðsskjalasafninu varð aukning í allri starfsemi, gestum fjölgaði um 24% en þeir urðu alls 623 og nýting á safnkostinum jókst einnig, en getir fengu afnot af 2.924 skjalanúmerum sem er um 24,5% aukning og loks fjölgaði afhendingum á skjölum um 14,7% frá árinu áður. Meðal nýjunga má nefna að nú má sjá lista yfir einkaskjalasöfn sem vistuð eru á Héraðsskjalasafninu á slóðinni www.skjaladagur.is.

Íslensku sjónlistaverðlaunin voru afhent öðru sinni og að þessu sinni hlaut Hrafnkell Sigurðsson sjónlistaorðuna á sviði myndlistar og Studio Granda hlaut sjónlistaorðuna á sviði hönnunar. Högna Sigurðardóttir fékk heiðursorðuna fyrir einstakt æviframlag til íslenskrar nútímabyggingarlistar. Sjónlistaverðlaunin eru samstarfsverkefni

og bar einna hæst fjölmenna draugagöngu í Innbænum, leikræna sýningu hafmeyju á Pollinum og óvenjulegt lokaatriði þar sem bátur sigldi í mannhafinu norður Hafnarstrætið og hjólhýsi með prinsessu innanborðs sveif ofan af Amaróhúsinu.

Starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands gekk vel, um 5.470 gestir sóttu tónleika hljómsveitarinnar, auk þess sem um 3.000 grunnskólabörn sóttu skólatónleika. Það sem einkenndi starfsárið öðru fremur var samstarf við ýmsa aðila um tónleikahald en hljómsveitin tók þátt í 9 samstarfsverkefnum á Norður- og Austurlandi. Samningur Akureyrarbæjar og SN var endurnýjaður á árinu og stuðningur við hljómsveitina aukinn frá því sem áður var.

Samningur við Leikfélag Akureyrar var endurnýjaður en ekkert lát varð á góðum árangri þess og sem dæmi má nefna að 10.000 miðar voru seldir á sýninguna Fló á skinni á aðeins 2 vikum. Leikfélagið varð 90 ára og af því tilefni var leikleskið verkið „Ævintýri á gönguför“ sem var fyrsta verkið sem sett var upp í Samkomuhúsinu og var aðgangseyrir 1 króna eins og á sínum tíma.

Gestir Minjasafnsins á Akureyri voru 31.839, nokkru færri en árið á undan þegar gestir voru 33.610 og höfðu þá aldrei verið fleiri. Safnið sjálft heimsóttu 14.799 og í Laufási voru gestir 17.040 talsins. Merk tímamót urðu í sögu Gásaverkefnisins en stofnuð var sjálfseignarstofunum um það sem hefur það hlutverk að miðla þeirri þekkingu sem aflað hefur verið um staðinn og byggja upp áfangastað fyrir ferðamenn.



Búsetudeild

Búsetudeild sér um fjölbreytta þjónustu sem öll miðar að því að styðja við sjálfstæða búsetu fólks og/eða skapa því aðstæður til að lifa sem eðlilegustu lífi á heimili sínu þrátt fyrir skerðingu á færni og breytingu á högum sem kunna að verða samfara hækkingu aldris, fíttun eða veikindum. Auk þjónustu við íbúa Akureyrar sinnir deildin þjónustu við íbúa nokkurra annarra sveitarfélaga samkvæmt samningum þar að lútandi. Helstu þættir í þjónustu deildarinnar eru félagsleg heimabjónusta, félagsleg liðveisla, frekari liðveisla, samþýli og þjónustuíbúðir fatlaðra, skammtímavistun fatlaðra, dagþjónusta og félagsstarf eldri borgara, ráðgjöf iðjupjálfa, heilsuefandi heimsóknir til aldraðra og þjónustuhópur aldraðra.

Starfsmenn deildarinnar í árslok voru 250 í 159 stöðugildum. Karlar voru 59 í 41 stöðugildi og konur 191 í 118 stöðugildum. Karlar eru þannig 23,6% starfsmanna í 25,8% stöðugilda og konur eru 76,4% starfsmanna í 74,2% stöðugilda. Kynjaskipting er afar misjöfn milli þjónustupátta. Í heimabjónustu starfa til dæmis nær eingöngu konur en í búsetuþjónustu fatlaðra eru 40% starfsmanna karlar.

Búsetudeild sinnir ýmsum þjónustupáttum sem bærinn hefur tekið að sér með samningum við félagsmálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti, auk lögbundinnar félagsþjónustu sveitarfélaga. Allt frá árinu 1996 hafa starfsmenn deildarinnar tekið þátt í því umfangsmikla nýsköpunar- og


þjónustu sem sinnir fólki í heimahúsum. Þannig má merkja auknið álag á heimabjónustu og dagþjónustu fyrir aldraða svo dæmi séu tekin.

Félagsstarf eldri borgara er starfrækt í tveimur félagsmiðstöðvum, Víðilundi og Bugðusiðu. Starfsemin er afar fjölbreytt og í stöðugri mótn og er unnið með notendaráði að þeirri þróun. Notendaráðið skipa tíu kjörnir fulltrúar eldri borgara. Það fundar reglulega með forstöðumanni, hefur fasta viðtalstíma einu sinni í mánuði í félagsmiðstöðvunum og heldur aðalfund að vori og almennan opinn fund að hausti. Skemmtileg samvinnuverkefni hafa verið í gangi milli félagsmiðstöðvanna og nokkurra grunn- og leikskóla þar sem meðal annars er unnið að því að örva samskipti milli elstu og yngstu kynslóðanna, kenna og miðla þekkingu milli kynslóða og að nemendur átti sig á því að nám er ævilangt ferli í sibreytilegum heimi.

Fasteignir Akureyrarbæjar

Á árinu var unnið að uppsteypu Menningarhússins Hofs og stuðlabergsklæðning sett utan á það. Í byrjun árs 2008 var hafist handa við innangærd hússins og lóð. Heildarstærð Hofs verður rúmir 7.400 m² og áætlaður kostnaður 3 milljarðar króna. Áætlað er að ljúka við byggingu hússins sumarið 2009.

Menningarhúsið er að formi hringur og í gegnum það liðast „Fljótið“ sem skiptir húsinu í tvennt. Aðalsalurinn að austan og fjölnotasalur og upplýsingamiðstöð að vestan. Aðalsalurinn er með sætum fyrir um 500



þróunarstarfi sem fylgdi því að fá umsjón með verkefnum sem áður voru hjá ríki. Árangur þessa starfs hefur notið vaxandi athygli síðustu misseri og nú er svo komið að svokallað Akureyrarmódel er æftar nefnt sem dæmi um verklag sem til fyrirmyndar er talið. Á árinu 2007 tóku starfsmenn búsetudeildar þátt í fjölmörgum kynningum á samþættri velferðarþjónustu bæjarins, bæði fyrir fagfólk og stjórnmálamenn víða af landinu. Bent er á sérstakan kafla um Akureyrarmódelið á síðu 17.

Í upphafi ársins var skrifað undir nýjan þjónustusamning við félagsmálaráðuneytið um þjónustu við fatlaða. Samningurinn gildir árin 2007-2009 og er efnislega í samræmi við fyrri samninga. Ennfremur var skrifað undir samning um sérstakt átak í þjónustu við geðfatlaða sem nær yfir árin 2007-2010. Með samningnum lagði ráðuneytið fram fé til eflingar búsetuþjónustu geðfatlaðra, félagsmiðstöðvar (Lautar) og nýs húsnæðis fyrir áfangaheimili. Hússjóður Öryrkjabandalags Íslands hefur tekið að sér að byggja nýtt áfangaheimili með 5 einstaklingsíbúðum og sameiginlegri aðstöðu sem reiknað er með að taka í notkun í árslok 2008. Í tengslum við þetta átak var sett upp þjónusta fyrir 4 geðfatlaða einstaklinga sem jafnframt glíma við fíknivanda.

Þjónusta við fatlaða á Akureyri hefur lengi verið í fremstu röð á landsvísu og í mörgu tilliti hefur þjónustan hér verið í fararbroddi hvað varðar nýjungar og framfarir. Akureyrarbær hefur rekið þjónustuna sem áður tilheyrði Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra frá 1996 og óhætt er að segja að á þeim tíma hefur verið haldið áfram að bæta þjónustuna með það að markmiði að efla möguleika fatlaðra og auka þátttöku þeirra í samfélaginu. Því miður er þó svo komið núna að biðlistar eftir þjónustu lengjast og á það við bæði um skammtímavistun og búsetuúrræði.

Á árinu tók gildi nýtt fyrirkomulag á stjórnun búsetuþjónustu fatlaðra. Forstöðumenn eru nú fimm í stað átta áður. Forstöðumenn hafa ekki lengur vaktaskyldu en eiga að geta einbeitt sér að stjórnun þjónustunnar. Jafnframt voru ráðnir fleiri deildarstjórar/næstráðendur sem eru verkstjórar í daglegri vinnu á hverjum stað.

Vegna þeirrar stefnu að færa þjónustuna sem mest inn á heimili fólks og fresta innlögnum á hjúkunarheimili eins og kostur er, eykst álag á þá

áhorfendur og verður nýttur fyrir tónlist, leiklist og ráðstefnur. Minni salurinn, sem verður meðal annars nýttur af Tónlistaskólanum fyrir ýmsa tónleika og viðburði, rúmar um 220 manns.

Á árinu var unnið að hönnun Naustaskóla og er áætlað að bjóða út fyrsta áfanga skólans á vordögum 2008 og að ljúka framkvæmdum við þann hluta í ágúst 2009. Við hönnun leikskólans Naustaborga var ákveðið að tengja hann við Naustaskóla þannig að skólastiginn vinni saman sem ein heild.

Á árinu 2005 var hafist handa við undirbúning á staðarvali og hönnun fimleikahúss. Skoðaðir voru tveir kostir: annars vegar að byggja við íþróttahús Glerárskóla og hins vegar að byggja við Giljaskóla. Niðurstaðan var að byggja saman fimleika- og íþróttahús við Giljaskóla sem verður samtengt skólanum. Í framhaldi af því var ákveðið að verða við óskum stjórnenda Giljaskóla um að bæta aðstöðu fyrir fjölfötluð börn við skólann með því að setja upp heitan pott í tengslum við búninga- og íþróttahús. Hafist var handa við hönnun á árinu 2007 og er áætlað að bjóða verkið út á vordögum 2008. Áætlað er að húsið verði tilbúið til notkunar í byrjun júlí 2009.

Á árinu var ákveðið að byggja upp frjálshíð og knattspyrnuaðstöðu á íþróttasvæði þórs í samvinnu við Þór og UFA. Verkið felur í sér að gerður verður keppnis- og frjálshíðavöllur með stúku, æfingavallir fyrir knattspyrnu á svo kölluðu Sunnuhlíðarsvæði og æfingarsvæði fyrir kastgreinar. Stúka verður byggð vestast á svæðinu við keppnisvöll eða þar sem áhorfendastæði er núna. Hana á að byggja í áföngum, þar sem frágangur innanhúss að hluta og að utan, á að vera lokið fyrir Landsmót UMF sumarið 2009. Gert er ráð fyrir að þakvirkni stúku verði sett upp nokkru síðar. Áhorfendastúka keppnisvallar verður þá undir þaki og rúmar um 1.000 manns í sæti. Keppnisvöllur er 7.140 m² og umhverfis hann liggja átta hlaupabrautir. Aðstaða fyrir tímátöku og móttöku verður í stúku. Hluti hlaupabrauta verður með snjóbræðslu og yllagnir verða undir grasi á keppnisvelli. Markmiðið með þessum framkvæmdum er að skapa góða framtíðaraðstöðu fyrir íþróttafélagið Þór í knattspyrnu og fyrir

Ungmennafélag Akureyrar í frjálsum íþróttum. Einnig er markmiðið að skapa góða umgjörð utan um Landsmót UMFÍ árið 2009. Með tilkomu þessa íþróttaleikvangs verður aðstaða til íþróttaiðkunar á Akureyri orðin með því allra besta sem þekkist á Íslandi.

Ráðist var í miklar endurbætur á sundlauginni í Hrísey og byggingu fjölnota húss sem er áfast henni. Markmið Akureyrarbæjar með byggingunni er að koma til móts við óskir og þarfir íbúa eyjarinnar. Framkvæmdir hófust í janúar 2007 og verklok voru áætluð í júní 2008.

Á vordögum 2007 voru boðnar út endurbætur á vesturálmu Oddeyrarskóla. Verkið felur m.a í sér að sett verður lyfta í húsið og endurbætur gerðar með tilliti til eldvarna.

Á árinu 2006 voru gerðir þrír nýir sparkvellar við Giljaskóla, Glerárskóla og Lundarskóla og á árinu 2007 var bætt við velli við Síðuskóla. Það hefur sýnt sig að þessir vellar eru mikið notaðir. Vellirnir stuðla að aukinni hreyfingu barna og unglinga allan ársins hring þar sem sett var snjóbræðsla undir grasið sem lengir þann tíma sem hægt er að nota vellina. KSÍ hefur lagt til gervigrasið á vellina.

Markmið Akureyrarbæjar með endurbótum á lóð Glerárskóla var að búa til skapandi og öruggt umhverfi fyrir börn og uppfylla kröfur um öryggi á leiksvæðum. Hafist var handa við fyrsta áfanga, sett niður ný leiktæki, fallundirlag, malbikaðir stígar, lýsing bætt og hellulögn endurlögð. Á árinu 2008 verður áfram unnið að endurbótum á lóð skólans.

Í byrjun árs 2007 var ákveðið að endurbæta húsnæðið að Brekkugötu 34 fyrir starfsemi Lautarinnar, félagsmiðstöðvar geðfatlaðra. Húsnæðið er

króna. Rekstrartekjur A-hluta námu rúmum 9 milljörðum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 8,5 milljörðum. Rekstrargjöld sveitarfélagsins á árinu námu rúmum 12 milljörðum króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir rekstrargjöldum að fjárhæð 11,6 milljörðum. Rekstrargjöld A-hluta námu rúmum 9 milljörðum miðað við 8,6 milljarða í fjárhagsáætlun. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 905 milljónir en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 946 milljónum króna í fjármagnstekjur umfram fjármagnsgjöld. Rekstrarniðurstaða samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A- og B-hluta var jákvæð um tæpa 1,6 milljarða króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 1,4 milljörðum í jákvæða rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 1,3 milljarða en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð rúmum milljarði króna.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir bæjarins bókfærðar á 24 milljarða króna, þar af eru veltufjármunir um 3,2 milljarðar. Skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins nema samkvæmt efnahagsreikningi rúmum 14 milljörðum. Veltufjárhlutfallið er 1,11 í árslok en var 0,79 árið áður. Bókfært eigið fé nam 9,7 milljörðum króna í árslok sem er 40% af heildarfjármagni. Árið áður var þetta hlutfall 31%.

Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi nam veltufé frá rekstri 1,68 milljörðum og handbært fé frá rekstri 1,67 milljörðum króna. Fjárfestingahreyfingar námu samtals 1,5 milljörðum króna, fjárfesting umfram söluverð varanlegra rekstrarfjármuna nam tæpum 2 milljörðum króna. Söluverð eignarhluta nam 3,4 milljörðum og vegur þar langþýngst söluverð eignarhluta bæjarins



núna hið glæsilegasta og eru notendur ánægðir með hvernig til tókst.

Fjármála- og hagþjónusta

Fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2007 var samþykkt í bæjarstjórn 19. desember 2006. Sérstök endurskoðun fór fram á áætluninni 27. nóvember 2007.

Rekstrartekjur Akureyrarbæjar á árinu námu 13,2 milljörðum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A- og B-hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð rúmum 12 milljörðum

í Landsvirkjun. Fjármögnunarahreyfingar voru neikvæðar um 2,7 milljarða króna. Afborgun langtímalána nam tæpum 997 milljónum króna en ný langtímalán námu tæpum 1,5 milljörðum. Söluverð Landsvirkjunar var nýtt til að greiða niður lífeyrisskuldbindingu um liðlega 3,2 milljarða króna. Hækkun á handbæru fé á árinu nam 425 milljónum og nam handbært fé sveitarfélagsins í árslok 1,7 milljörðum króna.

Ársreikning bæjarins er að finna á heimasíðu bæjarins. Slóðin er: www.akureyri.is/ymsar-fjarmalaupplysingar.

Fjölskyldudeild

Þjónusta deildarinnar eflist á árinu. Má nefna nýráðningar sem auka og bæta þá þjónustu sem fyrir var. Ráðinn var forstöðumaður í barnavernd og með því lögð áhersla á markvissari stjórnun og samhæfingu barnaverndarstarfsins. Einnig kom nýr skólasálfræðingur til starfa sem eflir þjónustu deildarinnar við skólabörnin og fjölskyldur þeirra. Lögð var áhersla á teymisvinnu og tengingar við aðrar stofnanir til þess að bæta þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur.

Eftirspurn eftir þjónustu Hæfingarstöðvarinnar hefur verið að aukast og á árinu þjónaði Hæfingarstöðin 48 einstaklingum sem er aukning

Húsaleigubætur eru greiddar leigutökum íbúðarhúsnæðis að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Markmið þeirra er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra og jafna aðstöðumun á húsnæðismarkaði. Greiddar húsaleigubætur námu 109,1 milljón króna á árinu 2007 á móti 108,5 milljónum árið 2006 og er það 0,6% hækkun en bótaþegar voru 737 í lok árs 2007 en 742 árið 2006. Skipting umsækjenda um húsaleigubætur eftir atvinnustöðu og fjölskyldugærd á árinu 2006 var sem hér segir:

Atvinnustaða	Gift/ samb. með börn	Gift/ samb. án barna	Einstæðir foreldrar	Einhleypar konur	Einhleypir karlar	Samtals
Í atvinnu	32	9	108	44	22	215
Atvinnulaus	3	1	15	1	4	24
Öryrkjar	10	6	30	60	109	215
Ellilífeyrisþegar		9		34	18	61
Heimavinnandi	3		4			7
Nemar	13	24	30	86	62	215
Samtals	61	49	187	225	215	737



um 5 frá fyrra ári. Í september var tekið í notkun húsnæði í Birkilundi 10 og opnuð þar deild fyrir eldra fólk og fólk með mjög litla starfsgetu. Birkilundur 10 er íbúðarhús sem breytt hefur verið til notkunar fyrir dagþjónustu fatlaðs fólks. Öryrkjabandalag Íslands á húsnæðið og leigir það Akureyrarbæ undir starfsemi Hæfingarstöðvar.

Plastiðjan Bjarg/Íðjulundur (PBI) er vinnustaður fólks með skerta starfsgetu þar sem fram fer vernduð vinna og starfsendurhæfing. Í apríl var flutt af Gleráreyrum í nýtt húsnæði að Furuvöllum 1. Húsnæðið er nokkru minna en nýttist ágætlega og hentar vel starfseminni. Í ótímabundinni ráðningu (verndaðri vinnu) voru 29 en í starfsendurhæfingu og starfsþjálfun voru alls 46 einstaklingar. Afkoma vinnustaðarins var betri en gert var ráð fyrir vegna aukinna sértekna. Munar þar mest um raflagnaefni en sala á því hefur verið góð.

Barnaverndartilkynningar voru 276 á árinu og vörðudu 211 börn. Flestar tilkynningar komu frá lögreglu eða alls 112 en aðrar komu til dæmis frá skóla, heilsugæslu, ættingjum, nágrönnum eða foreldrum barns. Unnið var í málum 227 fjölskyldna vegna 298 barna.

Þjónusta í málaflokki fatlaðra var hefðbundin en hún er nú samþætt annarri þjónustu deildarinnar einkum almennu félagsþjónustunni. Alls nutu 19 börn þjálfunar á leikfangasafni og/eða forathugunar með tilliti til frekari greiningar en 30 börn höfðu stuðningsfjölskyldu. Lagt var mat

við Baldursnes 6. Lagt var á hringtorg við Baldurshaga, Lundargötu og nyrsta kafla Óseyrar.

Þá voru gangstéttar og ýmsir stígar utan gatna víðsvegar um bæinn byggðir upp og malbikaðir. Einnig var unnið að umferðaröryggismálum, settar upp hraðahindranir á Brekkunni og bærinn skipulagður í heild sinni með tilliti til umferðarhæða. Heildarkostnaður við þennan málaflokk var áætlaður um 550 milljónir króna.

Samhliða þessu er unnið að endurskoðun á hjóla- og gangstígakerfi bæjarins og að umferðaröryggismálum gangandi vegfarenda, séstaklega barna á leið úr og í skóla. Að þessum málaflokki er unnið með skóla- yfirvöldum og nemendum.

Á árinu var lokið frágangi og tengivinnu á yfirföllum við Hlíðarbraut og Sandgerðisbót. Að þessum áföngum loknum er komið að síðasta áfanga núverandi fráveitu sem stefnt hefur verið að allt frá lokum síðustu aldar en það er bygging hreinsistöðvarinnar við Sandgerðisbót.

Einnig hefur verið unnið að undirbúningi þess að taka í notkun síðustu dælustöðina í núverandi fráveitukerfi en það er dælustöð við Krossanes sem dæla mun fráveituvatni frá iðnaðar- og hafnarsvæðinu í Krossanesi og síðan frá væntanlegu iðnaðarsvæði sem rísa mun sunnan Krossanesborga.

Samhliða byggingu nýrra gatna hafa verið lagðar fráveitulagnir og þær

á 40 - 50 umsóknir um umönnunarbætur. Þróast hefur góð samvinna Plastiðjunnar Bjargs/Íðjulundar og Atvinnu með stuðningi (ams) sem miðar að því að koma sem flestum fötludum einstaklingum á almennan vinnumarkað. Alls fóru 22 í vinnu á almennan vinnumarkað með aðstoð ams og/eða eftir starfsendurhæfingu á PBI. Á árinu voru gerðir 18 nýir vinnusamningar öryrkja.

Félagsþjónustan hefur tekið upp samstarf við þau nýju endurhæfingar- úrræði sem hafa orðið til eins og Starfsendurhæfingu Norðurlands og Fjölsmiðjuna, auk þeirra sem fyrir voru, eins og Menntasmiðjuna. Öll nýtast þessi úrræði skjólstæðingum félagsþjónustunnar vel og tíminn mun leiða í ljós hver árangurinn verður.

Sem fyrr er fjárhagsaðstoð fyrirferðarmesti þjónustubáttur félagsþjónustunnar. Fjöldi styrkþega á árinu var 322 sem er nokkur fjölgun á milli ára. Einhleypir karlar eru stærsti einstaki hópurinn sem þiggur styrk eða 30% af heildarfjölda. Meðaltalsgreiðsla á hvern einstakling hækkaði um 7.5% á milli ára og útgjöld til fjárhagsaðstoðar hækkuðu um 9.5%.

Sérfræðiþjónusta leik- og grunnskóla sinnir 2.985 börnum úr 12 grunnskólum en 1.032 börnum úr 18 leikskólum. Skólaárið 2006/2007 var unnið í 357 málum grunnskólabarna en 120 leikskólabarna. Bodið var uppá fræðslu og umræðuhópa fyrir kennara, stuðningsaðila og foreldra vegna barna með þroskafrávik.

Framkvæmdadeild

Gerð nýrra gatna er eitt af stærstu verkefnum framkvæmdadeilda. Á því sviði voru meðal helstu framkvæmda ársins nýjar götur í Nesja- og Naustahverfi. Áframhaldandi spenna á vinnumarkaði gerði það að verkum að ekki tókst að klára öll verk sem fyrirhuguð voru, þar á meðal Óðinsnes, Sjafnargötu og Krossanesbraut, en áætlað er að þeim verði lokið árið 2008. Heildarkostnaður við nýjar götur nam tæpum 400 milljónum króna.

Helsta verkefni við endurgerð gatna var að ljúka breytingum á gatnamótum Þingvallarstrætis ofan Skógarlunda til að greiða fyrir umferð á gatnamótum með aðkomu að Pálmholti og Flúðum auk Súluveggar (Miðhúsabrat).

Í Naustahverfi var malbik lagð á Naustabraut og Naustagötu að Vallartúni, Sóma-, Pílu-, Þrumu- og Mýrartún klárað, einnig var lagð á Kjarnagötu að Sómatúni og Ljómatún að Pílutúni.

Í Nesjahverfi var malbik lagð á Njardarnes og á Baldursnes að innkeyrslu

tengdar núverandi fráveitukerfi, bæði í Nausta- og Nesjahverfi og við Jaðarsíðu, og fljótlega hefst vinna við nýtt iðnaðarhverfi nyrst í bænum, við Sjafnargötu/Grænhól.

Endurbætur og breytingar hafa einnig verið gerðar til að tryggja meira öryggi á flutningsgetu kerfisins, s.s. sunnan við Grenilund.

Viðræður hafa staðið við Hörgárbyggð um sameiginlegar lausnir í fráveitumálum og væntanlega mun Akureyrarbær koma að vinnu við þróun á staðbundnum lausnum með nýrri tækni við hreinsun frá rotþróum. Sú tækni gæti hugsanlega einnig gagnast í erfiðum lausnum á núverandi svæðum syðst í bænum (við Flugvöll) og ekki síður er mikilvægt að huga tímanlega að lausnum og lagnaleiðum fyrir nýtt framtíðar íbúðarsvæði syðst í bæjarlandinu.

Á árinu 2007 var eins og undanfarin tvö ár unnið að því að bæta útivistarmöguleika fólks með gerð útivistarstíga, áningarstæða og með endurgerð eldri leiksvæða ásamt uppbyggingu nýrra svæða. Þá er markvisst unnið að merkingum á útivistarsvæðum í bæjarlandinu.

Í Lystigardinum var steinhæð vestast í gardinum kláruð og þar má finna í dag plöntur frá öllum heimsálfum. Á útivistarsvæðinu norðan Glerár var haldið áfram með skógrækt. Gróðursettar voru um 22.000 plöntur þar og í Kjarnaskógi. Rekstur opinna svæða var með hefðbundnu sniði og er allur grassláttur í höndum verktaka, alls um 87 hektarar. Í ræktunarstöð bæjarins voru ræktuð um 45.000 sumarblóm sem plantað var víðs vegar um bæinn ásamt fjölmörgum trjá- og runnaplöntum.

Vinnuskólinn var rekinn með svipuðu sniði og undanfarin ár en lögð er meiri áhersla á fræðslu og tómstundir.

Meindýraeyðing og gæludýraeftirlit annast eftirlit og skráningu vegna hunda og annarra gæludýra, og eyðingu meindýra, rotta, vargfugls, refa og minka. Einnig fellur þar undir umsjón með hundahreinsun í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra. Starfsemin var með hefðbundnum hætti.

Jardeignir og búfjárefnir sjá um leigulönd bæjarins ásamt fjallgröfingu, fjallskilum og vörnum gegn riðu. Fimm sveitarfélög á Eyjafjarðarsvæðinu mynda búfjárefnirlitssvæði nr. 18 og Búnaðarsamband Eyjafjarðar hefur umsjón og eftirlit með forðagæslu hjá þeim. Haldið var áfram að gjrða leigulönd í bænum ásamt margvíslegum framkvæmdum vegna reiðvega í bæjarlandinu.

Akureyrarbær tekur þátt í verkefni á vegum Norrænu ráðherra-nefndarinnar ásamt 13 öðrum sveitarfélögum frá Norðurlöndunum og markmiðið er að vernda og endurheimta líffræðilegan fjölbreytileika. Verkefnið hófst árið 2006 og verður fram haldið til 2010. Akureyrarbær mun aðallega vinna að þremur verkefnum þennan tíma og vonir standa til að góður árangur náist. Verkefnin eru endurheimt votlendis í Naustaborgum (Hundatjörn) þar sem skapa á skilyrði fyrir auðugt náttúrulegt fuglalíf, lokun urðunarstaðarins á Glerárdal um leið og svæðið verður mótað þannig að það falli sem best að aðliggjandi svæðum og líkist fyrra náttúrulegu landslagi sem mest, og að leita leiða til að útrýma skógar-kerflí í Hrísey og endurheimta náttúrulegan gróður á þeim svæðum sem kerfillinn hefur lagt undir sig. Jafnframt er ætlunin að hefta útbreiðslu hvannar og lúpinu í eygni.

Árið 2007 var eins og hin fyrri viðburðaríkt hjá Slökkviliði Akureyrar. Leitað var aðstoðar liðsins í 151 skipti. Flest voru útköll á dælubíla slökkviliðsins í ágúst en einnig voru þau mörg í desember og janúar, enda eykst brunaálag á þessum árstíma verulega.

Slökkviliðið var kallað út á sjúkrabílum í 1.500 skipti, þar af var sjúklingur fluttur í 1.230 skipti. Í 270 skipti var um aðstoð að ræða eða afturköllun. Af þessum 1.230 var í 377 skipti um að ræða utanbæjar flutninga.



Slökkviliði Akureyrar fór í 493 sjúkraflug á árinu 2007. Í þessum ferðum var farið með 533 sjúklinga. Sjúkraflug aukast talsvert á sumartíma og er það í tengslum við ferðamannastraum um landið. Flest voru sjúkraflugin í ágúst mánuði eða 74 og er það met á einum mánuði. Liðið hefur nú séð um sjúkraflug í 10 ár og hefur fjöldi þeirra aukist jafnt og þétt. Mikil ánægja er með þjónustuna og nú sér Slökkviliði Akureyrar um sjúkraflug á öllu landinu utan Vestmannaeyja.

Farþegum hjá Strætisvögnum Akureyrar hefur fjölgað mikið síðan 1. janúar 2007 þegar fargjöld voru felld niður. Hið sama má segja um ferliþjónustuna sem nú er einnig gjaldfrjálst en bílar þjónustunnar ná ekki að fullnægja eftirspurn og því voru keyptar á árinu um 2.500 ferðir með leigubílum. Hjá SVA var keyptur nýr 60 manna strætisvagn á árinu, leiðakerfið stækkað og ferðum fjölgað.

Strætisvagnar	Árið 2005	Árið 2006	Árið 2007
Farþegafjöldi	170,000	150,000	330,000
Eknir km.	243,000	243,000	275,000
Farþegar á km.	0,69	0,61	1,25
Fjöldi bíðskýla	41	41	43
Rekstrartekjur	10,250,000	10,560,000	0

Heilsugæslustöðin

Akureyrarbær hefur í 10 ár rekið Heilsugæslustöðina á Akureyri (HAK) samkvæmt þjónustusamningi við Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið. Umdæmi HAK er sem fyrr 8 sveitarfélög í Eyjafirði og Fnjóskadal. Einnig eru fyrirverandi íbúar Hálshrepps, (núverandi íbúar Þingeyjarsveitar) í umdæmi HAK. Hríseyingar tilheyra ennþá heilsugæsluumdæmi Dalvíkur. Íbúafjöldi í umdæmi HAK var 19.644 (Hrísey undanskilin) þann 1. des. 2007.

Reynslan af því að reka heilsugæsluna og öldrunarþjónustu hjá Akureyrarbæ er mjög góð og þær vinnuáðferðir sem hér hafa verið þróaðar, hafa vakið mikla athygli og eru þekktar undir heitinu „Akureyrrarmódelið“.


Er með því vísað í samvinnu og samþættingu á sviði heilsugæslumála, félagsmála, öldrunarmála, skólamála og í málefnum fatlaðra og geðsjúkra, svo eitthvað sé nefnt. Ýmsar stofnanir, sveitarfélög og nefndir og ráð Alþingis hafa komið hingað í kynnisferðir og frá hausti hefur til dæmis um þriðjungur af alþingismönnum fengið kynningu á verkefninu. Ýmis teikn eru á lofti um að Akureyrrarmódelið verði fyrirmynd að breyttu verklagi á fleiri stöðum á landinu.

Sá árangur sem náðst hefur í málefnum aldraðra og geðfatlaðra hefur vakið hvað mesta athygli en nánar er sagt frá Akureyrrarmódelinu á síðu 17.

Þjónusta heimilislækna var á árinu með svipuðu móti og verið hefur. Álag á heilsugæslulækna er þó alltaf að aukast, enda yfirlýst markmið að efla heilsugæsluna sem fyrsta viðkomustað. Þið eftir tíma heimilislæknis hefur farið vaxandi vegna aukinnar ásóknar og eins hefur veikindafjarvera lækna haft áhrif á framboð tíma í dagvinnu. Einnig fjölgaði töluvert komum á bráðadagvakt og vaktlæknaþjónustu á FSA. Er vaktabyrðin orðin nokkuð þung af þeim sökum og tímabært að skoða leiðir til að fjölga stöðum heimilislækna. Heilsugæslulæknar hafa góðan metnað til að sinna heilsuvernd og taka aukinn þátt í mæðravernd ásamt því að sinna ungubarnavernd, skólaheilsugæslu og unglingamóttöku. Byrjað var með skipulagða sykursýkismóttöku á árinu, en hún er fyrir þá sem eru með sykursýki 2 og eru í meðferð og eftirliti hjá heilsugæslunni. Heimilislæknar sjá enn um lækningar á Öldrunarheimilum Akureyrarbæjar þar sem ekki hefur tekist að ráða þangað öldrunarlækni. Sem stendur eru þrír læknar búsettir á Akureyri í sérnámi heimilislækna og stunda nám sitt gegnum HAK. Hríseyingar hafa óskað eftir að HAK taki við heilsugæsluþjónustu í eyjunni og er áfram stefnt að því svo framarlega sem aukið fjármagn fæst.

Hjúkrunarfræðingar sáu um heilsugæsluhjúkrun í ungubarnavernd, skólahjúkrun, unglingamóttöku, krabbameinsleit, sykursýkismóttöku og í almennri móttöku hjúkrunarfræðinga, ásamt heimahjúkrun með sjúkraliðum. Á árinu var lögð aukin áhersla á að efla heimahjúkrun, enda vaxandi álag þar sem æ fleiri vilja dvelja heima eins lengi og hægt er. Sameiginleg næturvakt með heimþjónustu sannaði gjöldi sitt en ljóst er að bæta þarf verulega við í heimahjúkrun á næstu misserum ef mæta á væntingum og þörf fyrir aukna aðstoð. Fyrirséð er fækkan á stofnanarymum á svæðinu og mun það hafa veruleg áhrif á starfsemi heimahjúkrunar.

Útköll Slökkviliðs 2007





Fjölskylduráðgjöfin á heilsugæslunni er merkileg fyrir þær sakir að auðvelt er að skima áhættuhópa á meðgöngu og hjá fjölskyldum með lítil börn. Aðgengi að foreldrum er einstakt. Í nýlegri aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar um að styrkja stöðu barna og unglinga kveður við nýjan tón, þann að miða skuli aðgerðir að því að auka færni foreldra. Þetta er sú hugmyndafræði sem einkennir fjölskylduráðgjöfina á HAK og sýnir framsýni þeirrar starfsemi, sem í haust fagnar 20 ára afmæli. Samvinna heilsugæslu og fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar skilar sér í betri úrvinnslu mála, betri nýtingu úrræða og einfaldari og árangursríkari þjónustu fyrir íbúana. Með aukinni þekkingu almennings og væntingum hefur ásóknin í fjölskylduráðgjöf sífellt verið að aukast. Fólk veit að það getur fengið aðstoð í kreppum lífsins og er frekar tilbúið til að þiggja aðstoð í viðkvæmum málum en áður. Til að mynda er veitt meðferð vegna kynferðislegrar misnotkunar í bernsku, vegna ofbeldis, eftir skilnað, vegna erfðleika í samböndum, vegna uppeldisvanda og fleira. Bið eftir tíma hjá fjölskylduráðgjöf er um 4 vikur og er brýnt að auka við þjónustuna.

Það er nær einstakt hérlendis að sveitarfélag sjái um rekstur heilsugæslu. Eftir áratuga reynslu er ljóst að fleiri kostir en gallar eru við þetta fyrirkomulag. Möguleikar til samþættar þjónustu og aukinnar samvinnu

samþykktum íþróttaráðs og bæjarstjórnar í málefnum íþróttar á Akureyri til framkvæmda. Mikil uppbygging hefur átt sér stað innan deildarinnar á undanföllum árum og árið 2007 var engin undantekning.

Rekstur íþróttamannvirkja Akureyrarbæjar gekk vel á árinu og var nýting þeirra góð. Á árinu lét Gísli Kristinn Lórenzon af störfum sem forstöðumaður Sundlaugar Akureyrar eftir farsælan og áralangan starfsferil og þakkar íþróttadeild og Akureyrarbær honum vel unnin störf. Við starfi Gísla Kristins tók Elín H. Gísladóttir en með ráðningu hennar var brotið blað í forstöðumannasögu íþróttamannvirkja á Akureyri því Elín er fyrst kvenna til að gegna slíku starfi.

Hafist var handa við byggingu reiðhalla í Lögmanshlíðarhverfi en áætlað er að hún verði tekin í fulla notkun á vormánuðum 2008. Mannvirkid mun bæta verulega aðstöðu hestamanna á Akureyri og verður eitt það glæsilegasta sinnar tegundar á landinu.

Þá var góður gangur í nýframkvæmdum í Hrísey en þar var unnið að fjölnota íþróttahúsi og endurnýjun sundlaugar. Gert er ráð fyrir að hin nýja íþróttamiðstöð Hríseyinga verði tekin í notkun í júní 2008.

Haldið var áfram að byggja sparkvelli og var það Síðuskóli sem fékk slíkan völl á árinu og eru því komnir sparkvellar við alla grunnskóla

milli skyldra þjónustupátta skila sér í betri þjónustu við íbúana. Óhætt er að fullyrða að á fáum stöðum á landinu er þjónustan jafn opin og flæðandi milli kerfa og hér. Það er því hægt að hafa sem öflugasta heilsugæslu innan vébanda sveitarfélagsins.

Íþróttadeild

Starfsemi íþróttadeildar Akureyrar gekk vel á árinu 2007. Meginhlutverk deildarinnar er að annast yfirstjórn á rekstri og starfsmannahaldi málaflokksins sem og samskipti við félagasamtök innan og utan Akureyrar fyrir hönd bæjarfélagsins. Þá koma starfsmenn deildarinnar

Akureyrarbæjar. Þá hófust umfangsmiklar framkvæmdir á golfvelli Golfklúbbs Akureyrar á árinu og munu þær standa fram til ársins 2012. Framkvæmdirnar verða í áföngum og eru þær miðaðar við að raska sem allra minnst hefðbundinni starfsemi og þjónustu golfklúbbsins. Er það sameiginlegt markmið klúbbsins og Akureyrarbæjar að völlurinn verði með þeim allra bestu á Íslandi er framkvæmdum lýkur.

Nýr snjótroðari var tekinn í notkun í Hlíðarfjalli og nýttist sú fjárfesting vel þar sem opnunardagar voru margir og snjóframleiðslukerfið sannaði gildi sitt svo um munaði. Telja má víst að opnunardagarnir hefðu orðið allt að helmingi færri ef kerfisins hefði ekki notið við.

Unnið var hörðum höndum á árinu að undirbúningi fyrir Landsmót

Heimsóknir í íþróttamannvirki á Akureyri

Hlíðarfjall	2003	2004	2005	2006	2007
Opnunardagar	51	96	84	104	112
Seldir lyftumiðar	5.204	19.139	10.611	25.685	26.134
Skíðaleiga	200	1.310	1.365	1.824	3.749
Skíðaskóli	52	834	950	1.311	1.500
Seld árskort/vetrarkort	926	1.239	985	751	980
Sundlaug Akureyrar	2003	2004	2005	2006	2007
Fjöldi gesta	316.862	357.999	335.198	343.222	323.752
Opnunardagar	357	361	359	361	361
Íþróttahús Glerárskóla	2003	2004	2005	2006	2007
Fjöldi gesta	124.000	123.000	140.000	120.000	112.000
Glerárlaug	2003	2004	2005	2006	2007
Fjöldi gesta	56.000	55.000	58.000	60.000	52.000
Boginn	2003	2004	2005	2006	2007
Fjöldi gesta	77.000	85.000	88.000	90.000	85.000
Íþróttahöllin	2003	2004	2005	2006	2007
Fjöldi gesta	285.000	329.000	307.000	296.000	297.000
Íþróttahúsið við Síðuskóla	2003	2004	2005	2006	2007
Fjöldi gesta		30.456	89.052	94.688	95.800
Akureyrarvöllur	2003	2004	2005	2006	2007
Fjöldi leikja	35	34	37	35	36
Fjöldi klukkustunda í notkun	575	575	600	623	642

ungmennafélaganna sem haldið verður á Akureyri í júlí 2009. Samhliða þeirri vinnu voru lagðar línur um verulegar endurbætur á félagssvæðum íþróttafélaganna Þórs og KA.

Samfélags- og mannréttindadeild

Í nóvember 2006 tók samfélags- og mannréttindadeild til starfa. Hlutverk deildarinnar er umsjón og rekstur félags- og tómstundamiðstöðva á vegum bæjarins og samskipti við félög sem starfa á því sviði, forvarnamál, starfsemi Menntasmiðju kvenna og ungs fólks, málefni nýbúa, umsjón fjölskyldustefnu, jafnréttismál og önnur mannréttindamál sem ekki eru sérstaklega falin öðrum deildum bæjarins.

Félagsmiðstöðvar unglinga hafa verið reknar í húsæði grunnskólanna en síðastliðið haust var ákveðið að gera tilraun með sameiningu félagsmiðstöðvanna Oddféló í Oddeyrarskóla, Félundar í Lundarskóla og Stjórnuveraldar í Brekkuskóla. Þær eru nú reknar saman í Rósenborg undir heitinu Trója. Tilgangurinn var að nýta betur það fjármagn sem fer í rekstur félagsmiðstöðvanna og búa til svigrúm til faglegra starfs. Tilraunin hefur t.a.m. haft þau áhrif að framboð á klúbbastarfi hefur stórukist.

upplýsingakerfi Akureyrar (LUKA). Skipulagsnefnd hélt 23 fundi á árinu 2007 og afgreiddi 435 mál. Skipulagsstjóri hélt 52 afgreiðslufundi vegna byggingarmála og afgreiddi 836 mál.

Skipulagsnefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í skipulags- og byggingarmálum og tekur ákvarðanir á grundvelli skipulags- og byggingarlaga. Hún hefur eftirlit með stefnumörkun og samþykktum í málaflokkum sem undir hana heyra, hefur frumkvæði að gerð skipulagstillagna og skipulagsskilmála og gerir tillögur til bæjarstjórnar um skipulagsáætlanir og breytingar á þeim. Skipulagsstjóri er framkvæmdastjóri skipulagsnefndar sem einnig sér um daglegan rekstur skipulagsdeildar en þar starfa 8 manns. Framkvæmd byggingarmála heyrir einnig undir skipulagsdeild.

Leiðarljós skipulagsnefndar er Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018. Skipulagsnefnd hefur frumkvæði að skipulagstillögum og breytingum á þeim en bæjarstjórn afgreiðir þær.

Samkvæmt málefnasamningi samstarfsflokka á bæjarstjórn er lögð áhersla á verkefni tengd þéttingu byggðar og eru eftirfarandi verkefni í undirbúningi eða nú þegar komin í gang.



Aukin áhersla hefur einnig verið lögð á klúbbastarfi á vegum Hússins – upplýsinga- og menningarmiðstöðvar ungs fólks á aldrinum 16-25 ára. Helstu nýjungar ársins voru samstarf við Heilsugæslustöðina um ungforeldramorgna og við Samtökinn 78 um stofnun ungliðahóps. Þá var einnig tekin í notkun æfingaaðstaða fyrir hljómsveitir. Í samvinnu stóðu félagsmiðstöðvanna og Húsið fyrir stuttmyndahátíðinni Stulla.

Samkvæmt venju var gott framboð á styttri tómstundanámskeiðum fyrir grunnskólabörn. Námskeiðin voru ýmist kennd úti í skólunum eða í Rósenborg. Samfélags- og mannréttindadeild tók þátt í tilraunaverkefninu Fjölgreinafjör og bauð af því tilefni upp á handverksnámskeið inni í Fristund (skólavistunum) grunnskólanna.

Starfsemi handverksmiðstöðvarinnar Punktsins var með hefðbundnu sniði. Boðið er upp á opna aðstöðu til handverksíðkunar, auk styttri námskeiða.

Menntasmiðja unga fólksins var haldin á vorönn og Menntasmiðja kvenna á haustönn, eins og verið hefur undanfarin ár. Menntasmiðjan var þátttakandi í Evrópuverkefni um kynjasjónarmið í fullorðinsfræðslu.

Alþjóðastofa sá um málefni útlendinga á Akureyri, veitti upplýsingar og ráðgjöf, auk þess að sjá um miðlun túlkabjónustu. Samstarf var við fræðslufyrirtækið Margvís ehf. um íslenskunámskeið fyrir útlendinga.

Forvarnamál voru með hefðbundnu sniði. Grunnskólunum var boðið upp á fræðslu um skadsemi vímuefna, m.a. í samstarfi við lögregluna.

Endurskoðun jafnréttisstefnu hófst á árinu en samkvæmt lögum ber sveitarfélögum að hafa sérstakar áætlanir um jafnrétti kynjanna.

Skipulagsdeild

Meginverkefni skipulagsnefndar Akureyrarbæjar eru skipulags- og byggingarmál, umhverfisskipulag, lóðaúthlutanir, umferðarmál og land-

Verkefni í gangi, á vinnslustigi eða lokið 2007:

- Deiliskipulag við Miðholt og Undirhlíð
- Svæði 3 við Krossanesbraut
- Glerárgata-Hvannavallareitur
- Íbúðasvæði við Brálund
- Íbúðasvæði við Jaðarsíðu

Verkefni á undirbúningsstigi:

- Deiliskipulag við Vestursíðu
- Svæði 1 við Krossanesbraut
- Svæði 2 við Krossanesbraut
- Deiliskipulag við Melgerðisás
- Svæði við Hlíðarbraut
- Nemendagarðar á Háskólasvæði
- Klettaborg, tvær einbýlishúsalóðir
- Deiliskipulag við Viðjúlund

Nauðsynlegt er að vanda mjög til verka við þéttingu byggðar því þar er um að ræða verkefni sem oft og tíðum eru viðkvæm og kalla á nána samvinnu og samráð við íbúa.

Deiliskipulag fyrir Óshólma Eyjafjarðarar er til meðferðar hjá Skipulagsstofnun og má vænta niðurstöðu um framhald þess fljótlega. Deiliskipulag fyrir skíðasvæðið í Hlíðarfjalli er á vinnslustigi en mikilvægt að það skipulag öðlist gildi sem fyrst þar sem hugmyndir um umtalsverða uppbyggingu eru á döfinni á svæðinu til framtíðar.

Starfshópur um Akureyrarvöll vinnur hugmyndavinnu um breytta notkun svæðisins samkvæmt núgildandi aðalskipulagi. Í framhaldi af því verður hafist handa við deiliskipulagningu þess í samræmi við þær tillögur

Yfirlit um byggingaframkvæmdir á árinu 2007 (Tölur í sviga eru frá 2006)

	Einbýlishús	Íbúðir í raðhúsum	Íbúðir í fjölbýli	Samtals
Hafnar framkvæmdir	19 (35)	19 (53)	297 (205)	329 (293)
Fullgert á árinu	35 (11)	51 (20)	165 (12)	251 (43)



sem fram verða settar. Mjög mikilvægt er að vel takist til á svæðinu sem sannarlega er í hjarta bæjarins, á milli núverandi miðbæjarkjarna og verslunarmiðstöðvarinnar Glerártorgs og því afar mikilvægt tengisvæði.

Unnið var að tillögum að deiliskipulagi 3ja áfanga Naustahverfis. Reitur næst sunnan Naustabæjanna eru í vinnslu og er von á tillögum á næstu mánuðum. Nú þegar er 1. og 2. áfanga lokið og vel flestum lóðum úthlutað.

Deiliskipulag Nesjahverfis var endurskoðað 2007. Flestum lóðum á svæðinu hefur verið úthlutað og fjölmargar byggingar hafa risið. D-hluta svæðisins við Ytra-Krossanes þarf að skoða nánar m.a. vegna skráðra fornleifa. Öllum lóðum við Sjáfnargötu (Grænhól) var úthlutað 2007 og eru framkvæmdir í gangi við gatnagerð.

Starfshópur hefur verið að störfum um uppbyggingu í miðbænum. Í honum eiga sæti fulltrúar frá meiri- og minnihluta, skipulagsstjóri, Graeme Massie (vinningshafi í samkeppni á vegum verkefnisins Akureyrar í öndvegji) og fleiri. Hópnum hefur, ásamt hópi fagmanna, verið falið að skilgreina leiðir að uppbyggingu miðbæjarins. Hópnum er ætlað að forgangsraða þeim verkefnum sem fyrir liggja við uppbyggingu miðbæjarins. Þegar er búið að draga fram nokkra valkosti og liggur fyrir að taka afstöðu til þess hvaða leið starfshópurinn leggur til. Þegar það liggur fyrir mun deiliskipulagsgerðin hefjast en gert er ráð fyrir að kynning geti orðið á fyrstu tillögum á haustdögum 2008.

unnin á árinu 2007. Frágangur vegaxla og malbikun mun fara fram á árinu 2008. Um mikla samgöngubót er að ræða sem léttir verulega álag á aðrar götur, m.a. á Þingvallarstræti. Einnig verða samgöngur greiddari til og frá Naustahverfi, s.s. við Glerár-, Síðu og Nesjahverfi í framtíðinni.

Nokkur deiliskipulagsverkefni sem hófust árið 2007:

- Deiliskipulag íþróttasvæðis Þórs
- Skoðun á framtíðarsvæði fyrir KA í Naustahverfi
- Sjúkrahús Akureyrar - deiliskipulag
- Aflþýnnuversmiðja í Krossanesi - deiliskipulag
- Íbúðasvæði við Krókeyrarnöf í Naustahverfi
- Deiliskipulag á Gleráreyrum
- Deiliskipulag við Krókeyri
- Deiliskipulag við Spítalaveg
- Endurskoðun hafnarsvæða
- Stúdentagarðar við Kjalarsíðu

Skóladeild

Skólanefndin heimsótti alla leikskólana á árinu. Í hverri heimsókn var aðstaðan í skólanum skoðuð og síðan sest niður með leikskólastjóra

Í tvisgang hefur verið auglýst tillaga að deiliskipulagi vegna aksturs-íþróttasvæðis á Glerárdal. Tillagan sem auglýst var í seinna skiptið fór talsvert breytt í auglýsingu. Meðal annars voru felldar burtu hugmyndir um kvartmilubraut og hljóðvarnir styrktar mikið. Á svæðinu hafa verið stundaðar ýmskonar akstursíþróttir í þrjá áratugi, án skipulags og eftirlits. Einnig hefur þar farið fram efnisnám með tilheyrandi óþægindum fyrir nágrennið. Það er því afar mikilvægt að sátt náist um frágang og notkun svæðisins og starfsemin komist undir stjórn og eftirlit bæjarins í samvinnu við þau félög sem þar eru fyrir.

Skipulagsnefnd hefur ákveðið að láta fara fram heildarendurskoðun á göngu- og hjólréiðastígaskipulagi Akureyrar. Meginniðurstæða þeirrar endurskoðunar á að vera að hjólréiða- og göngustígir bæjarins séu raunhæfur kostur í samgöngukerfi bæjarins.

Miðhúsabráut hefur verði tekin í notkun en gatnagerðin var að mestu

og helstu málefni rædd. Þá hélt skólanefnd þrjá opna fundi á árinu í Tónlistarskólanum, Lundarhverfi og í Giljahverfi. Tilgangur þessara funda var að kynna stöðu skólamála í þessum hverfum og bjóða upp á umræður um það sem gott er og betur má fara. Fundarsókn var dræm en umræður málefnalegar og fór skólanefnd ávallt vel nestuð af hverjum fundi.

Á árinu hófst útgáfa veftimarits um skólamála á vegum skóladeildar sem fékk heitið Skóla-akur. Skóla-akur kemur út hvern fimmtudag og er dreift rafrænt mjög víða, auk þess sem nálgast má öll tölublöðin á heimasíðu skóladeildar, <http://skoladeild.akureyri.is>. Í Skóla-akri er reynt að miðla upplýsingum um það sem er að gerast forvitnilegt í skólum Akureyrarbæjar og fjallað um ýmsar nýjungar í skólastarfi.

Starfsfólk skóladeildar lagði land undir fót á vörmanuðum og heimsótti Álasund í Noregi. Þar var tekið vel á móti hópnum og stíf dagskrá beidd hans. Heimsóknin reyndist mjög fróðleg og má nálgast samantekt um hana á heimasíðu skóladeildar.

Á árinu var í fyrsta sinn reynt að samræma starfsdaga og frídaga milli leik- og grunnskóla í bænum til hægðarauka fyrir foreldra. Þetta var gert þannig að samræmingin var innan skólahverfa eins eða tveggja en ekki heilt yfir bæinn. Upplýsingar um þetta fyrirkomulag má finna á heimasíðu skóladeildar.

Akureyrarbær rekur ellefu leikskóla á Akureyri og einn í Hrísey. Auk þess styrkir bærinn tvo einkarekna leikskóla, Hólmasól sem er rekinn af Hjallastefnunni ehf og Hlíðaból sem rekinn er af Hvítasunnukirkjunni á Akureyri.

Allir leikskólarnir bjóða upp á 4–9,25 tíma dvöl. Sú ákvörðun var tekin á árinu að frá 1. ágúst væru leikskólarnir almennt opnir frá klukkan 7.45 – 17.00. Leikskólarnir voru lokaðir í tvær vikur sumarið 2007 en Hlíðaból var lokað í þrjár vikur og Smábær í Hrísey í fjórar vikur. Börnin þurfa að taka fjögurra vikna samfellt sumarfrí en reynt er að koma til móts við þarfir foreldra.

Í október voru um 97,45% barna á Akureyri á aldrinum 2ja – 5 ára í leikskóla. Þá voru einnig 63% þeirra barna sem voru orðin 18 mánaða í leikskóla. Heildarfjöldi barna í leikskólunum var 1.048 og meðalvalartími þeirra í leikskóla var um 7,67 klukkustundir á dag. Stöðugildin í október voru í heild 243,13. Stöðugildi vegna deildarstarfs voru alls 155,25 og 77,35 % þeirra voru mönnuð fagfólki eða 120 stöðugildi.

Hafnar framkvæmdir við atvinnu- og þjónustuhúsnæði 2007 (Tölur í sviga eru frá 2006)

Tegund	m2	m3
Landbúnaður	3.340	17.350
Fiskiðnaður	214	717
Vörugeymslur/geymar	18	3903
Iðnaður	7.005	33.028
Verslun	15.290	124.935
Skrifstofuhúsnæði	57	200
Frístundahús	691	2350
Önnur þjónustustarfsemi	1.708	11.580
Opinbar starfsemi	219	686
Samtals	28.542 m2 (29.558)	194.749 m3 (165.817)

Leikskólarnir Pálmholt og Naustatjörn fengu í júní viðurkenningu Landverndar, Grænfánann, fyrir árangursríkt starf að umhverfismálum og nokkrir aðrir skólar eru komnir á græna grein. Áður höfðu leikskólarnir Hlíðaból og Smábær fengið Grænfánann og fleiri skólar eru að komast á græna grein. Þá fékk leikskólinn Krógból viðurkenningu sem heilsuleikskóli.

Starfsmenn frá leikskólanum lðavöllum fóru til Álasunds, vína-bæjar Akureyrar í Noregi, í náms- og kynnisferð og starfsmenn á Kiðagili heim-sóttu Lundúnaborg. Hver hópur skipulagði sína ferð en megintilgangur ferðanna var að útvíkka þekkingarheim starfsmanna, kynnst starfs-háttum og áherslum í erlendum leikskólum og einnig að efla og styrkja starfmannahópinn.

Í ágúst 2007 var haldin hér á Akureyri samnorraen leikskólaráðstefna og er þetta í annað skipti sem slík ráðstefna er haldin á Akureyri. Ráðstefnan bar heitið „Hin mörgu andlit menningar og lista“ og tókst hún í alla staði mjög vel.

Í árslok 2007 voru 37 dagforeldrar starfandi á Akureyri og voru börn í dagvist hjá þeim samtals 164. Samkomulag um þjónustusamninga sem gert var við dagforeldra árið 2006 var endurnýjað. Í samkomulaginu felst að dagforeldrar, foreldrar og Akureyrarbær gera með sér þríliða þjónustusamning sem kveður á um að ákveðið hámarksgjald er á

kennslu. Þessi áhersla teygði anga sína t.d. inn í verkefni hjá 7. bekk í Lundarskóla og þemadaga í Brekkuskóla sem vöktu mikla athygli.

Fjöldmörg þróunarverkefni voru í gangi á árinu og hér að neðan verður aðeins tæpt á fáeinum þeirra.

Nám og kennsla við hæfi hvers og eins er verkefni sem stjórnendur og kennarar grunnskóla hafa lengi verið að leita leiða til að koma í kring. Á árinu var skipulega unnið að því að leita slíkra leiða og var einn liður í því sérstakt samkomulag um breytingu á vinnutímaskilgreiningu og launahækkun á móti hjá afmörkuðum kennarahópum í fimm grunn-skólum, sem unnu í teymisvinnu í kennslunni, þrír eða fleiri saman. Allir skólarnir unnu að þessu verkefni en nálgðuðust það frá mismunandi sjónarhornum.

Fjölbreytt einstaklingsmiðað námsmat er verkefni á vegum allra grunnskólanna. Þetta verkefni felst í að byggja upp hugmyndabanka fyrir grunnskóla á Akureyri með upplýsingum og dæmum um fjölbreytt, ein-staklingsmiðað námsmat.

„Hús fyrir alla“ er verkefni sem snýst um að semja og tilraunakenna námsefni um fjölbreytileika mannlífsins sem á að auka víðsýni og umburðarlyndi meðal barna (og fullorðinna óbeint) og þar með jafnrétti allra til merkingarbærs lífs án fordóma. Námsefnið var tilraunakennt í 2.



gjaldskrá dagforeldra. Akureyrarbær niðurgreiðir gjald fyrir allt að 8 tíma gæslu á dag. Með þessum þjónustusamningi er reynt að tryggja að allir foreldrar sem nýta þjónustu dagforeldra greiði sambærilegt gjald fyrir þjónustuna.

Grunnskólar Akureyrarbæjar eru sjö og í þeim stunduðu 2.570 nemendur nám. Nemendum í grunnskólunum hafði þá fækkað lítillega tvö ár í röð. Ástæðan er að stærstum hluta sú að stærri árgangar nemenda fara úr skólunum en koma inn. Brekkuskóli var fjölmennastur með um 540 nemendur og fæstir voru nemendurnir í Grunnskólanum í Hrísey eða 20. Þá voru 28 nemendur skráðir í Hlíðarskóla og Skjöld. Hlíðarskóli er sérskóli fyrir börn með hegðunarvandkvæði sem ekki rekast í almennum grunnskóla og er alltaf stefnt að því að skólavistin í Hlíðarskóla sé tímabundin þannig að nemendur eigi afturkvæmt í almennan grunnskóla. Skjöldur er hins vegar deild fyrir langveik börn með geð- og þroskaraskanir.

Vel gekk að manna grunnskólana á Akureyri líkt og undanfarin ár. Hlutfall fagmenntaðra kennara var um 99%. Mikill stöðugleiki hefur einkennt starfsmannahaldið undanfarin ár, sem er mikill styrkur fyrir allt faglegt starf, því grundvöllur þess er hæft og metnaðarfullt starfsfólk. Í grunnskólunum voru um 265 stöðugildi við stjórnun, kennslu og ráðgjöf og 97 stöðugildi við önnur störf, s.s. umsjónarmenn húsa, skólalíðar, stuðningsfulltrúar og ritarar. 404 starfsmenn sátu í þessum 362 stöðugildum.

Niðurstöður viðhorfskönnunar meðal nemenda í grunnskólum voru lagðar fram á árinu. Þær má nálgast á heimasíðu skóladeildar. Helstu niðurstöðurnar voru þær að almennt voru nemendur sáttir við skólann sinn og töldu námsumhverfið gott, þótt margir kvörtuðu einnig undan litlum vinnufriði. Fram kom að nemendur hafa mikinn metnað og vilja til að ná góðum árangri og þeir telja sig fá góðan stuðning og aðstoð þegar á þarf að halda. Þegar spurt var um einelti í unglingadeildum kom fram að það er almennt mjög lítið en umhugsunarefni er fyrir starfsmenn skólanna að nemendur upplífuðu meira einelti af hálfu starfsmanna en nemenda.

Skólaárið hófst þriðjudaginn 14. ágúst á því að námskeið var haldið í Brekkuskóla fyrir alla starfsmenn grunnskólanna, þar sem umfjöllunarefnið var mannréttindi og lýðræði í skólastarfi. Með þessari áherslu var ætlunin að opna á meiri umfjöllun um þessa þætti í skólstarfinu og skipulagi

þess. Þessi áhersla teygði anga sína t.d. inn í verkefni hjá 7. bekk í Lundarskóla og þemadaga í Brekkuskóla samdi námsefnið og sinnti nám-skeiðahaldi og ráðgjöf fyrir kennara.

„Svífum seglum þöndum“ er þróunarverkefni í Lundarskóla sem snýr að því að vinna að heildarskipulagi kennsluhátta sem miðar að samvinnu kennara og samfelli á námi nemenda milli aldursþópa og námsgreina.

Valgreinar á unglingastigi eru fjölmargar og hefur verið unnið mjög metnaðarfullt starf á vegum skólanna til að auka fjölbreytni þeirra. Á þessu ári bættust við nokkrar nýjar valgreinar, s.s. vetraríþróttir, vélavinna og starfstengt nám.

„Fjölgreinafjör“ er þróunarverkefni sem fór af stað fyrir 7 ára börn í Frístund. Verkefnið er samstarfsverkefni skóladeildar, samfélags- og mannréttindanefndar, íþróttaráðs og ÍBA. Verkefnið fól það í sér að bjóða börnunum upp á kynningu á ýmsum íþróttagreinum og tómstundum, einu sinni í viku.

Á árinu hófst samvinna við Hollvínafélag Húna II, sem gengur út á það að bjóða öllum nemendum í 6. bekk grunnskólanna á Akureyri í þriggja stunda sjóferð á eikarbatnum Húna II. Þar var farið yfir öryggisbúnað á sjó, saga bátsins sögð og gömul veiðarfæri kynnt. Þá var samstarf við Háskólann á Akureyri sem lagði til starfsmann sem fór yfir lífríki sjávar. Nemendur fengu að veiða á sjóstöng, gera að aflanum og grilla hann um borð. Þessi nýbreytni hefur mælst afar vel fyrir og er ætlunin að halda samstarfinu áfram.

Eins og undanfarin ár fengu allir nemendur í 3. og 4. bekkjum kennslu á skautum í samvinnu við Skautafélagið og allir nemendur í 5. bekk fengu skíðakennslu í Hlíðarfalli í samvinnu við starfsmenn þar.

Haldið var upp á 50 ára afmæli Oddeyrarskóla 7. desember með mikilli sýningu og afmælisveislu.

Elstu nemendur Grunnskólans í Hrísey fengu fyrstu verðlaun í „Raun-veruleikum“ sem leikinn var í október og nóvember. Raunveruleikurinn er gagnvirkur hermíleikur, hannaður sem fjármála- og neytendafræðsla í efsta bekk grunnskóla.

Nemendur í 10.1 í Síðuskóla sigruðu í keppninni um besta íslenska verk-efnið á E-twinning hátíðinni. Bekkurinn fékk glæsilega fartölvu í verðlaun. Verkefnið er samstarfsverkefni Síðuskóla, skóla á Ítalíu og í Grikklandi.



Það snýst um að unglingar ræði þau mál sem á þeim brenna, áhugamál, ferðamál og fleira og kynnist menningu annarra þjóða og kynni menningu í sínu heimalandi.

Foreldrar grunnskólabarna á Akureyri og í Hrísey tóku saman höndum og stofnuðu svæðisráð undir heitinu SAMTAKA til að vinna að sameiginlegum málefnum nemenda í grunnskólum sveitarfélagsins. Í ráðinu eiga sæti þrettán manns, tveir foreldrar frá hverjum grunnskóla á Akureyri og einn úr Hrísey.

Í febrúar var haldinn kynningarfundur um skólalav í Brekkuskóla fyrir foreldra barna sem voru að byrja í 1. bekk haustið 2007. Þar gafst einnig öðrum tækifæri til að kynna sér grunnskóla bæjarins. Allir foreldrar barna sem hefja áttu nám í 1. bekk fengu einnig sendan heim bækling um grunnskólana og umsóknareyðublað. Vel var á mætt á kynningarfundinn og umræður og fyrirspurnir góðar.

Allir skólar á Akureyri eiga að setja sér agastefnu og byggja hana á viðurkenndum aðferðum sem eru studdar rannsóknum. Áskóladeild starfar verkefnisstjóri PMT eða „Parent Management Training“ sem er ítarlega rannsakað meðferðarúrræði fyrir foreldra barna með hegðunarerfiðleika sem hefur einnig það markmið að fyrirbyggja alvarlega hegðunarerfiðleika. SMT er hlíðstæð aðferð og PMT þar sem lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr hegðunarvanda í skólum. Á árinu hefur verið unnið að innleiðingu SMT í þremur grunnskólum og sex leikskólum. Frekari upplýsingar má finna á <http://pmt.akureyri.is>. Í Giljaskóla hefur

áfanga endurskoðunar starfsmats sveitarfélaga og verður þeirri vinnu haldið áfram á árinu 2008. Launaleiðréttingar vegna endurskoðunar starfsmats frá 1. febrúar 2005 voru greiddar á haustdögum 2007. Vinnu við starfsmat sveitarfélaga er stýrt af kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga og er hægt að nálgast ítarlegar upplýsingar um starfsmatið á heimasíðu þess, www.samband.is. Samstarf nefnist starfsmatskerfi sem nær yfir öll störf starfsmanna hjá Akureyrarbæ sem eru í Einingu-löju og Kili, stéttarfélagi starfsmanna í almannapjónustu, sem telja á annað þúsund starfsmenn Akureyrarbæjar.

Árið 2005 var settur á laggjarnar þverpólitískur vinnuhópur um endurskoðun launakerfisins sem hafði það hlutverk að skoða sérstaklega yfirvinnu og aðrar aukagreiðslur. Í ljós kom að málum var misjafnlega háttáð og unnið var markvisst að því að útrýma kynbundnum launamun. Á vordögum 2007 leitaði Akureyrarbær til Rannsókn- og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri (RHA) um gerð allsherjarkönnunar á launum starfsmanna bæjarins. Niðurstaða könnunarinnar var að sé tekið tillit til starfs, starfssviðs, aldurs, starfsaldurs og vinnutíma mælist ekki marktækur kynbundinn munur á launum karla og kvenna, hvorki á dagvinnulaunum né heildarlaunum. Sams konar könnun, sem gerð var árið 1998, leiddi í ljós að konur voru að meðaltali með 6% lægri dagvinnulaun og 8% lægri heildarlaun, þ.e. óútskýrður kynbundinn launamunur körlum í hag, þennan góða árangur má að miklu leyti þakka gagngerri endurskoðun á launakerfi Akureyrarbæjar ásamt



verið unnið að innleiðslu svonefndrar Uppbyggingarstefnu, eða uppeldi til ábyrgðar, samkvæmt kenningum Diane Gossen og Judy Anderson. Þar er lögð áhersla á kennslu sjálfsaga, sjálfsstjórn og uppbyggileg samskipti. Í Brekkuskóla hefur einnig verið samþykkt að hefja innleiðslu á Uppbyggingarstefnunni en starfsfólk Glerárskóla ætla að byggja sína stefnu á kenningum Olweusar gegn einelti.

Tónlistarskólinn hélt úti fjölbreyttu starfi að vanda en nemendur hans voru um 450 sem er nokkur fjölgun frá fyrra ári. Starfsmenn voru 39 í ríflega 33 stöðugildum. Fjöldi námsgreina var 38 og haldnir voru 60 tónleikar. Tvö ný verkefni fóru af stað á árinu. Tónæði er ný tegund hóptíma fyrir nemendur í 3. og 4. bekkjum grunnskóla, sem hafa skráð sig í Tónlistarskólann. Þessir tímar byggja á hlustun og taktþjálfun sem nemendur fara í ásamt hljóðfæratímum. Tón-leikur er samstarfsverkefni Tónlistarskólans og níu leikskóla á Akureyri og felst í því að tónlistarkennari hefur farið á milli leikskólanna og kennt 3ja–5 ára börnum og leikskólakennurum tónlist og kynnt hljóðfæri.

Starfsmannapjónusta

Starfsmannapjónustan annast launaútreikning fyrir alla starfsmenn Akureyrarbæjar, bæjarfulltrúa og nefndarmenn ásamt ráðgjöf til stjórnenda bæjarins um kjaramál, starfsmannamál og ráðningar. Einnig hefur deildin umsjón með framkvæmd starfsmannastefnu bæjarstjórnar Akureyrar, kjarapróun og fræðslumálum starfsmanna. Helstu tölulegar upplýsingar um starfsemi deildarinnar á árinu 2007 eru í töflunni hér til hliðar.

Sumarvinna fyrir unglinga árið 2007 var með svipuðum hætti og undanfarin ár. Unglingum á aldrinum 14 – 15 ára bauðst vinna í vinnuskóla 3 ½ klukkustund á dag í 7 vikur eða samtals 122,5 klst. Unglingar sem urðu 16 ára á árinu gátu fengið 7 stunda vinnu á dag í 7 vikur eða í samtals 245 klukkustundir. Atvinnulausu skólafólki var boðin sumarvinna í 8 vikur.

Fáir nýir kjarasamningar voru gerðir á árinu 2007 en á árinu 2008 renna út allir núgildandi kjarasamningar sem Akureyrarbær greiðir laun samkvæmt. Á árinu var unnið, í samstarfi við stéttarfélagin, að fyrsta

þátttöku bæjarins í vinnu við nýtt starfsmatskerfi sveitarfélaganna. Nú er einungis greitt fyrir unna yfirvinnu samkvæmt tímaskráningu og allar fastar akstursgreiðslur og aðrar aukagreiðslur hafa verið afnumdar. Það er því ljóst að með góðum vilja, mikilli vinnu og staðfestu er hægt að eyða kynbundnum launamun.

Innleiðing á SAP-mannauðskerfinu hélt áfram á árinu en það er launa- og starfsmannakerfi sem m.a. opnar starfsfólki aðgang að viðtækum upplýsingum í gegnum netið. Þar mun starfsfólk geta skoðað launaseðla, stöðu orlofs, sótt um námskeið og fleira.

Uppsetningu SAP-ráðningakerfisins lauk á árinu og hefur umsækjendum um störf hjá Akureyrarbæ boðist að sækja um rafrænt á heimasíðu bæjarins frá því í mars 2007. Á sérstökum atvinnuumsóknavef á heimasíðunni er nú bæði hægt að sækja um auglýst störf hjá Akureyrarbæ og senda inn almennar umsóknir um störf í hinum ýmsu flokkum.

Frá því að ný atvinnuumsóknavefurinn á heimasíðu Akureyrarbæjar var opnaður í mars 2007 til ársloka voru sendar inn 2.954 umsóknir, þar af voru 983 umsóknir um auglýst störf.

Starfsmannapjónustan heldur utan um starfsmannahandbók fyrir starfsfólk Akureyrarbæjar en bókina er aðgengileg á heimasíðu bæjarins;

Fjöldi launþega	3.221
Samtals greidd laun, milljónir kr.	5.373
Ársverk	1.431
Fjöldi 14 ára ungl. í vinnuskóla	195
Fjöldi 15 ára ungl. í vinnuskóla	184
Fjöldi 16 ára ungl. í vinnuskóla	182
Umsóknir um sumarvinnu	433
Ráðnir í sumarvinnu	241
Ráðnir til vinnu í atvinnuátaki	58

www.akureyri.is/starfsmannahandbok. Þar getur starfsfólk fundið á einum stað upplýsingar um flest það sem lýtur að vinnustaðnum, kjaramálum, réttindum, skyldum o.fl. Á forsiðu handbókarinnar eru reglulega settar inn fréttir er varða beint starfsfólk bæjarins.

Stjórnendahandbók er einnig að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar. Handbókinni er ætlað að vera upplýsingaveita til stjórnenda í starfi hjá Akureyrarbæ og er markmið hennar að auðvelda stjórnendum aðgang að margvíslegum upplýsingum sem þeir þurfa á að halda. Starfsfólk Starfsmannabjónustu ásamt starfsfólki annarra stöðdeilda uppfærir reglulega stjórnendahandbókina og viðheldur eldri upplýsingum.

Á vordögum varð sú nýjung að launaseðlar starfsfólks Akureyrarbæjar eru sendir rafrænt úr launakerfinu í heimabanka viðkomandi. Þessi lausn gerir starfsmönnum kleift að kynna sér launaseðla sína a.m.k. sólarhring áður en þeir berast þeim í pósti. Hvenær sem er getur starfsfólk síðan nálgast eldri launaseðla í heimabankanum, skoðað og/eða prentað út eftir þörfum. Samhlíða þessum breytingum var starfsfólki boðið upp á að afþakka launaseðla á pappír.

Fréttabréf starfsfólks Akureyrarbæjar - Innanbæjarkrónikan - var gefið út sex sinnum árið 2007. Innanbæjarkrónikan inniheldur fræðandi og skemmtilegar upplýsingar fyrir starfsfólk um hin ýmsu málefni, ásamt því að kynna fyrir starfsfólki ólíka starfsemi bæjarins. Innanbæjarkróniku er dreift með launaseðlum auk þess sem hún er aðgengileg í starfsmannahandbókinni á vef Akureyrarbæjar. Á haustdögum var einnig ákveðið að

Öldrunarheimili

Á Öldrunarheimilum Akureyrar (ÖA) gengur lífið sinn vanagang. Þar búa 195 íbúar í Hlíð, Kjarnalundi og Bakkahlíð. Á árinu fluttu 50 nýir íbúar inn á heimilin. Í Hlíð eru 5 af leyfilegum rýmum fyrir skammtímadvöl, þ.e.a.s. fyrir fólk sem kemur í styttri dvöl, 4 – 6 vikur í einu, í tímabundna hjúkrun og endurhæfingu og fer síðan heim aftur.

Starfsmannalán leikur enn við ÖA og voru fastráðnir starfsmenn um 310 í 195 stöðugildum á árinu. Starfsmannavelta var lítil sem fyrr og er traust og reynslumikið starfsfólk ein stærsta auðlind Öldrunarheimilanna.

Á árinu voru boðnar út ræstingar í Hlíð og Kjarnalundi og var samið við ISS um ræstingar á heimilunum næstu þrjú árin.

Margt er í boði á ÖA og má líkja starfsemiinni við rekstur lítils þorps þar sem reynt er að glæða daglegt líf íbúanna á sem fjölbreyttastan máta, enda margir sem treysta sér ekki út fyrir veggj heimilanna vegna heilsuleysis.

Dagbjónusta er í Hlíð og voru leyfi fyrir 12 rýmum sem liðlega 40 manns nýttu sér á árinu. Með aukinni heimaþjónustu er vaxandi eftirspurn eftir dagbjónustu og skammtímadvöl.

„Matur er mannsins megin“ segir gamall málsháttur og í eldhúsinu í Hlíð voru matreiddir um 400 hádegisverðir dag hvern, þar af voru 50 – 60 matarbakkar seldir í heimsendingarþjónustu út í bæ á hverjum degi. Auk þess var útbúinn allur annar matur og mikið bakað fyrir heimilin.



dreifa Innanbæjarkrónikunni á kaffistofur, þar sem margt starfsfólk hefur nú afþakkað heimsenda launaseðla og fá launaseðla sína eingöngu senda í heimabanka.

Verkefnastjóri starfsþróunar skipulagði ýmis námskeið og fyrirlestra fyrir stjórnendur á árinu 2007. Fræðsluerindi var haldið um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við stefnumótun og gerð fjárhagsáætlana, ásamt erindum um endurlífsgun og eldvarnir á vinnustöðum. Á vegum stjórnendafræðslunar voru einnig haldin námskeiðin: Þú ert það sem þú hugsar, Stjórnun breytinga og Hagnýtt greinaskrif. Fjölmörg námskeið voru haldin á árinu fyrir stjórnendur í notkun á nýja SAP – mannauðskerfinu. Kennsla og handleiðsla í notkun á ráðningarkerfinu var þar fyrirferðamest.

Tveir starfsdagar stjórnenda voru haldnir á árinu. Í mars var haldinn starfsdagur þar sem fjallað var um krefjandi starfsmannamál og í október var starfsdagur um það hvernig skapa má góðan starfsanda.

Símenntun starfsmanna Akureyrarbæjar fer að stærstum hluta fram á hverjum og einum vinnustað. Sameiginleg fræðsla fyrir starfsfólk bæjarins fer þó sívaxandi. Dæmi um slíka fræðslu eru nýliðanámskeið, þjónustunámskeið, námskeið um samskipti og vellíðan á vinnustað o.fl. Á námskeiðum um þjónustu og vellíðan á vinnustað hefur svokölluð lífsspeki fíks verið óspart notuð sem margir vinnustaðir Akureyrarbæjar hafa tileinkað sér með góðum árangri. Lífsspekin felur í sér fjögur einföld boðorð sem boða leiðir til þess að láta sér líða betur í vinnunni og hafa gaman af vinnunni sinni.

Á árinu 2006 var unnið að svokölluðu starfsfóstraverkefni á Öldrunarheimilum Akureyrarbæjar (ÖA) í samvinnu við Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar með styrk frá Starfsmenntaráði. Markmið verkefnisins var að þjálfa svokallaða starfsfóstra en þeirra hlutverk er að taka á móti nýju starfsfólki og þjálfa það í starfi. Það hefur sýnt sig að verkefnið hefur mikið yfirferslugildi þ.e. aðrir vinnustaðir geta nýtt sér það við þjálfun starfsfóstra. Sú ánægjulega þróun varð á árinu 2007 að Búsetudeild Akureyrarbæjar tók upp starfsfóstraverkefnið og starfsfóstrar voru þjálfaðir á námskeiði sem haldið var á vormánuðum.

Í þvottahúsinu í Hlíð er þveginn allur einkaþvottur íbúanna og annar þvottur heimilanna, þar var því mörg líkin þvegin og strokin.

Íðjubjálfar starfa á heimilunum og er markmið þeirra að viðhalda færni og iðju sem er íbúnum mikilvæg. Íðjubjálfar vinna einnig ásamt öðrum starfsmönnum að sérverkefnum sem hafa að markmiði að koma á auknum samskiptum og samvinnu milli barna/unglinga og aldraðra. Verkefni þessi kallast „að brúa kynslóðabilið“ og var sem fyrr prýðilegt samstarf við leikskólana Síðusel og Álfastein og Menntaskólann á Akureyri vegna þeirra. Þessi verkefni hafa tekist mjög vel og verið gefandi fyrir unga og aldna.

Félagsstarf var fjölbreytt að venju, markmið félagsstarfsins er að leita leiða til að virkja og viðhalda andlegri og líkamlegri færni íbúa og um leið að skapa vinalegt og þægilegt andrúmsloft þar sem öllum líður vel. Boðið var upp á ýmis konar tómstundaiðju á nýliðnu ári, s.s. fjölbreytt handverk, upplestur, spurningahópa, leikfimi, spilavist, bingó, keilu, myndasýningar, ferðalög og ýmsar skemmtanir tengdar árstíðum.

Félagsstarfið stóð einnig fyrir kráarkvöldum nokkrum sinnum á árinu, með lifandi tónlist, dans og skemmtilegheitum. Frábærir tónlistarmenn sáu um tónlistina endurgjaldslaust og hafa gert til fjölda ára – íbúum, aðstandendum og starfsfólki til ómældrar gleði. Fátt styrkir líkama og lund betur en dans við skemmtilega tónlist og þeir sem eru bundnir við hjólastóla dansa líka með í þeim.

Hið árlega markaðstorg var haldið í Hlíð og komu verslanir með varning sinn og buðu til sölu í Hlíð. Þetta er vinsæll atburður og komu margir bæjarbúar, tóku þátt í deginum og keyptu sér kaffisopa í leiðinni.

Félagsstarfið sá einnig um rekstur á litlum verslunum, „Litla kaupfélaginu“ í Hlíð og „Ausunni“ í Kjarnalundi.

Sjúkraþjálfarar frá Eflingu sáu um að veita íbúum og dagbjónustugestum sjúkraþjálfun og var mikið annrki hjá þeim á síðasta ári. Að auki sinnti aðstöðarmaður sjúkraþjálfara 75 einstaklingum í liðlega 3.000 skipti á árinu.

Boðið var upp á fótaaðgerðir, hársnyrtingu og prestsþjónustu eftir óskum og þörfum og læknar frá Heilsugæslustöðinni á Akureyri sinntu lækniþjónustu við íbúana.

Rauðakrossdeild Akureyrar bauð á árinu upp á heimsóknir til íbúa ÖA



og hafa íbúar sem þess óska notið samveru við heimsóknarvini Rauða krossins, oftast vikulega. Mikil ánægja er með þessar heimsóknir og er vilji hjá báðum aðilum að þróa samstarfið áfram.

Gott samstarf hefur verið árum saman við Amtsbókasafnið um lán á bókum, hljóðsnældum og kvikmyndum.

Sem fyrr komu margir góðir gestir á ÖA á árinu og glöddu íbúa og starfsfólk með alls kyns uppákomum og skemmtunum. Allt slíkt er vel þegið, sem og allar heimsóknir og tilbreyting sem gleður eldri og yngri.

Öldrunarheimilunum bárust stórgjafir á árinu, bæði í formi peninga og málverka. Slíkar gjafir sýna velvilja fólks til Öldrunarheimilanna og eru ómetanlegar. Peningarnir voru nýttir til endurnýjunar á húsgögnum, kaupa á garðhúsgögnum o.fl.

Eitt brýnasta verkefni á Öldrunarheimilum Akureyrar er að bæta eldra húsnæði í Hlíð. Stór hluti húsnæðisins hentar illa nútíma hjúkrunarþörfum, herbergj eru mörg hver mjög lítil, þröngir gangar og margir íbúar eru um hverja snyrtingu. Ekki hefur fengist leyfi frá ráðuneytinu til frekari nýbygginga fyrir Öldrunarheimilin þrátt fyrir mikinn þrýsting bæjaryfirvalda og var því ákveðið að bæta eldri deildir í Hlíð til bráðabirgða. Á árinu voru

áhersla á sjálfsákvörðunarrétt hvers og eins, viðmót og virðingu og að skapa innihaldsríkt líf þar sem íbúar fái tækifæri til að vaxa og dafna sem einstaklingar þrátt fyrir þverrandi heilsu. Markvisst er reynt að þróa þjónustu á ÖA í anda þessarar hugmyndafræði og stendur ýmis konar fræðsla til boða í því sambandi.

Sérstakir vinnudagar voru haldnir þar sem liðlega 50 starfmenn frá öllum deildum ÖA skoðuðu Eden hugmyndafræðina, framtíðarsýnina og þróun þjónustunnar undir leiðsögn Sigrúnar Sveinbjörnsdóttur sálfræðings. Í framhaldi af vinnudögnum var ákveðið að starfsfólk skoðaði hvernig þróa mætti starfið á sinni deild og reyndi að finna raunhæfar leiðir til breytinga í átt að bættum heimilisbrag. Kjörorðið er að allir geti sagt með sanni að á ÖA sé gott að búa og voru starfmenn hvattir til þess að setja sig í spor íbúanna og hugsa út frá sjálfum sér í sporum þeirra.

Breytingar geta verið erfiðar og taka tíma og hafa deildirnar átt kost á því að fá Sigrúnu inn á deildarfundi sér til aðstoðar.

Starfsmenn eru yfirleitt jákvæðir og spenntir fyrir þessum breytingum og húsnæðisbreytingarnar, t.d. eldhúsinnréttingar, gefa mikla möguleika til breytinga. Vonast er til að deildirnar finni hver sitt lag og keppist við að finna góðar leiðir til að auka lífsgæðin á sinni deild.

tvær elstu deildirnar teknar í gegn, hurðir voru breikkaðar, settir nýir gólfdukar o.fl. Herbergjum var fækkað og útbúnað setustofur og borðstofur með eldhúskrök á hvorri deild. Í hverjum eldhúskrök eru eldavél, ísskápur og alls kyns eldhúshöld þannig að auðvelt er að halda grautnum heitum á morgnana ef íbúar vilja lúra lengur, baka köku þegar verða vill og alltaf er eitthvað matarkyns í ísskápnum eins og á öðrum heimilum. Keypt voru ný húsgögn og reynt að gera deildirnar eins heimilislegar og hægt er. Flest herbergjin eru eftir sem áður lítil en aðstæður eru allar mun betri en áður og íbúar, aðstandendur og starfsfólk er ánægð með breytingarnar. Áfram verður haldið á sömu braut.

Þar sem ekki fékkst leyfi til frekari bygginga fyrir Öldrunarheimili Akureyrar var leiga á Kjarnalundi framlengd um fjögur ár til ársins 2012. Kjarnalundur er fallegur staður en einangraður og því mikilvægt að tengja hann almenningssamgöngum Akureyrar. Vonast er til að almenningssamgöngur komist á í Kjarnalund sem fyrst.

Góð þjónusta þarf stöðugt að vera í þróun og endurskoðun og var sérstaklega hugað að viðhorfi og viðmóti í þjónustunni, einnig heimilisbrag og samráði. Ekki hefur tekist að koma á notendaráði á ÖA vegna heilsuleysis fólks, í stað þess var komið á upplýsingafundum fyrir íbúa og aðstandendur, einnig samráðsfundum með íbúum, aðstandendum og starfsfólki á hverri deild tvisvar á ári. Fastir fundir voru einnig haldnir með íbúum, starfsmönnum deilda og félagsstarfs til þess að meta og þróa félagsstarf og afþreyingu.

Gerðar voru tvær kannanir á árinu, þjónustukönnun og könnun á áliti fólks á matnum. Í stuttu máli má segja að báðar þessar kannanir hafa sýnt að langflestir íbúar eru ánægðir með þjónustu ÖA og fram komu einnig gagnlegar ábendingar sem reynt var að taka tillit til. Áætlað er að gera slíkar kannanir árlega til þess að fylgjast með áliti íbúanna og heyra skoðanir þeirra og ábendingar.

Varðandi heimilisbrag, viðmót og viðhorf hafa stjórnendur ÖA skoðað ýmsa hugmyndafræði sem unnið er eftir annars staðar í heiminum. Hugmyndafræði sem kallast Eden Alternative hugmyndafræðin þótti áhugaverð og fóru þrír starfsmenn á námskeið í þeirri hugmyndafræði til Danmerkur vorið 2007.

Eden Alternative byggir á nýrri sýn og nýjum áherslum í þjónustu á öldrunarheimilum. Lögd er áhersla á heimilisbrag í stað sjúkdómsmiðunar, getu íbúa í stað getuleysis og sjálfsákvörðunarrétt hvers og eins. Einnig er lögd áhersla á líffræðilegan fjölbreytileika á öldrunarheimilum þar sem börn, plöntur og dýr gegna mikilvægu hlutverki. Auk þess er

þróun þjónustu verður aldrei lokið. Fólk þarf alltaf að vera vakandi fyrir þeirri þjónustu sem verið er að veita og starfsmenn ÖA telja sig vera á rétttri leið.

Það eru spennandi tímar framundan og er vonast til þess að íbúar, aðstandendur og starfsmenn, geti í sameiningu þróað heimilisbrag og þjónustu þannig að íbúar geti átt eins ánægjulegt ævikvöld og mögulegt er á ÖA.



Akureyrarmódelið

Samþætting velferðarþjónustu og virkt samráð

Í umræðu síðustu missera um væntanlegan flutning ákveðinna þátta í þjónustu við aldraða og fatlaða frá ríki til sveitarfélaga hefur endurtekið verið minnst á svokallað Akureyrarmódel og vísað til skipulags velferðarþjónustu á Akureyri og reynslu af vinnulagi sem skilað hefur umtalsverðum árangri. Hér verður kynnt hvað átt er við og hvers vegna fyrirbærið hefur vakið athygli.

Samningar um þjónustu

Akureyrarbær hefur í rúm 11 ár haft þá sérstöðu meðal sveitarfélaga að hafa umsjón með málefnum fatlaðra, heilsugæslu og öldrunarþjónustu og hafa jafnframt unnið markvisst að þróun þjónustunnar og samþættingu þessara

og 1997. Þá voru búnar til nýjar deildir og verkefni fyrrum Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra og félagsþjónustu sveitarfélagsins fengu nýja sameiginlega umgjörð og þannig vettvang til þéttari samvinnu. Heilsugæslan varð að einni deild, svo og öldrunarstofnanir. Nokkru síðar var búið til nýtt svið félags- og fræðslumála og þar undir voru fjölskyldudeild, búsetudeild, heilsugæsla, öldrunarstofnanir, skólamál, íþrótt- og tómstundamál og menningamál. Í nokkur ár var lögð mikil áhersla á samvinnu á félagssviði og markvisst unnið að því að þétta og einfalda þjónustuna, finna sameiginlega snertifleti og ný úrræði þar sem þau vantaði. Segja má að þarna hafi verið í gangi brúarsmíði til að auðvelda samstarf. Stjórnkerfinu var breytt að nýju árið 2006 og sviðin lögð niður en deildir bæjarins, 16 talsins, heyra nú beint undir bæjarstjóra. Samvinnubrýrnar eiga nú að vera nægilega burðugar til að tryggja áframhaldandi gott samstarf milli deilda.



þátta við almenna þjónustu sveitarfélagsins. Í upphafi var um að ræða reynslusveitarfélagsverkefni en nú eru í gildi þjónustusamningar við félags- og tryggingamálaráðuneytið og heilbrigðismálaráðuneytið um þessa þjónustu.

Góð og vel samhæfð þjónusta er aðalatriði

Almennur tilgangur og markmið samninganna er að auka sjálfsstjórn sveitarfélagsins, laga stjórnsýsluna að staðbundnum aðstæðum, bæta þjónustu við íbúana og nýtingu fjármagns.

Samningnum við heilbrigðisráðuneytið er jafnframt ætlað að stuðla að framkvæmd heilbrigðisáætlunar og í fyrri samningum var áhersla á að leggja grunn að framtíðarskipan verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga á sviði heilbrigðis- og öldrunarmála.

Sérgreind markmið hafa verið:

- Að samhæfa framkvæmd heilsugæslu- og öldrunarþjónustu
- Að efla heilsuvernd í umdæminu ásamt því að draga úr stofnanadvöl aldraðra með eflingu og samhæfingu allrar heimaþjónustu
- Að samþætta þjónustu við fatlaða annarri félagsþjónustu sem sveitarfélagið veitir sínum íbúum

Stjórnkerfisbreytingar og samvinnubrúarsmíði

Töluverðar breytingar hafa orðið á stjórnkerfi Akureyrarbæjar á sl. 12 árum og sumar tengjast þeirri staðreynd að bærinn hefur tekið að sér þessi umfangsmiklu verkefni frá ríkinu. Aðaláherslan í undirbúnings- og þróunarvinnu sem fylgt hefur nýjum verkefnum hefur verið sú að einstaklingar fái þjónustu eftir þörfum, en ekki greiningum eða aldri og að verkefni sem skarast milli deilda falli ekki niður á milli þeirra heldur séu leyst í samvinnu með hagsmuni íbúans að leiðarljósi. Þessi sjónarmið voru höfð í huga strax í upphafi þegar verkefnin komu til bæjarins á árunum 1996

Sameiginleg yfirstjórn velferðarþjónustunnar

Félagsmálaráð hefur frá byrjun haft yfirumsjón með þeim málaflokkum sem þjónustusamningarnir ná yfir. Verkefnum félagsmálaráðs er sinnt af fjórum deildum og koma víða að:

- Hefðbundin verkefni félagsþjónustu sveitarfélaga
- Heilsugæsla
- Öldrunarstofnanir
- Sérþjónusta skv. lögum um málefni fatlaðra
- Sérfræðiþjónusta skóla skv. leik- og grunnskólalögum

Félagsmálaráð hefur þannig verið í lykiladstöðu til að stýra áherslum og forgangsraða þjónustu. Þessi yfirsýn hefur gert möguleg mörg þróunarverkefni og nýbreytni í þjónustu sem vakið hafa athygli á landsvísi.

Samvinnan er ekki bara innan kerfis eða á verkssviði félagsmálaráðs heldur nær hún bæði til annarra deilda bæjarins, s.s. skóladeildar og til annarra þjónustu- og hagsmunadila. Þegar starfsmenn og stjórnmalamenn hafa tileinkað sér samstarfshugsun hefur það haft áhrif á viðhorf þeirra og nálgun og auðveldað vinnuna við að finna bestu lausnina hverju sinni.

Samvinnuverkefni

Margar nýjar lausnir hafa orðið til vegna samstarfsins sem fyrr er lýst. Meðal þeirra eru heilsueflandi heimsóknir til aldraðra, fagráðum fjölskylduvernd, PMT/SMT–foreldrafærni, Skjöldur (úrræði fyrir grunnskólanemendur með alvarleg ged- og þroskafrávik), samþætt ráðgjafarþjónusta, næturvaktir í heimahús, ráðgjöfin heim – sérhæfð heimaþjónusta fyrir geðfatlaða. Fleiri dæmi mætti nefna en áhugasömum lesendum er bent á sérstakar ársskýrslur deilda og stofnana sem má nálgast hjá hverri þeirra fyrir sig.



FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í NEFNDUM OG STJÓRNUM

31. desember 2007

Bæjarstjórn Akureyrar:

Kristján Þór Júlíusson
Sigrún Björk Jakobsdóttir
Elín Margrét Hallgrímsdóttir
Hjalti Jón Sveinsson
Hermann Jón Tómasson
Sigrún Stefánsdóttir
Helena Þuríður Karlsdóttir
Jóhannes Gunnar Bjarnason
Oddur Helgi Halldórsson
Baldvin Halldór Sigurðsson
Kristín Sigfúsdóttir

Bæjarráð:

Hermann Jón Tómasson formaður
Elín Margrét Hallgrímsdóttir
Hjalti Jón Sveinsson
Baldvin Halldór Sigurðsson
Oddur Helgi Halldórsson
Jóhannes Gunnar Bjarnason
(áheytnarfulltrúi)

Bæjarstjóri:

Sigrún Björk Jakobsdóttir

Endurskoðendur:

KPMG Endurskoðun Akureyri hf.

Skoðunarmenn bæjarreikninga:

Hermann Óskarsson
Jakob Björnsson

FASTANEFNDIR

Stjórnsýslunefnd:

Kristján Þór Júlíusson formaður til 09.01.2007
Sigrún Björk Jakobsdóttir formaður frá 09.01.2007
Hermann Jón Tómasson
Helena Þuríður Karlsdóttir
Kristín Sigfúsdóttir
Oddur Helgi Halldórsson

Skipulagsnefnd:

Jón Ingj. Caesarsson formaður
Ólafur Jónsson
Hanna Dögg Maronsdóttir
Jóhannes Árnason
Haraldur S. Helgason

Félagsmálaráð:

Sigrún Stefánsdóttir formaður
María Egilsdóttir til 02.10.2007
Þóra Ákadóttir frá 02.10.2007
Baldvin Valdemarsson
Kristín Sigfúsdóttir
Ingimar Eydal

Framkvæmdaráð - jafnframt stjórn Fasteigna Akureyrarbæjar:

Hermann Jón Tómasson formaður
Sigrún Björk Jakobsdóttir til 09.01.2007
Elín Margrét Hallgrímsdóttir frá 09.01.2007
Hjalti Jón Sveinsson
Jón Erlendsson
Jóhannes G. Bjarnason

Íþróttaráð:

Ólafur Jónsson formaður
Agnis Arnardóttir
Sveinn Arnarson
Dýrleif Skjöldal
Erlingur Kristjánsson

Samfélags- og mannréttindaráð:

Margrét Kristín Helgadóttir formaður
Baldur Dýrfjörð
María Marinósóttir
Ingólfur Ásgeir Jóhannesson
Gerður Jónsdóttir

Kjarasamninganefnd:

Ásgeir Magnússon formaður
Þórarinn B. Jónsson
María Ingadóttir

Kjörstjórn:

Helgi Teitur Helgason formaður
Þorsteinn Einar Arnórsson
Helga G. Eymundsdóttir

Stjórn Akureyrarstofu:

Sigrún Björk Jakobsdóttir formaður til 09.01.2007
Elín Margrét Hallgrímsdóttir formaður frá 09.01.2007
Helena Þuríður Karlsdóttir
Unnar Jónsson
Baldvin H. Sigurðsson
Halla Björk Reynisdóttir

Skólanefnd:

Elín Margrét Hallgrímsdóttir formaður
Sigrún Stefánsdóttir
Þorlákur Axel Jónsson
Dýrleif Skjöldal
Anna Halla Emilsdóttir

Umhverfisnefnd:

Hjalti Jón Sveinsson formaður
Jón Ingj. Caesarsson
Linda María Ásgeirsdóttir
Jón Kristófer Arnarsson til 21.08.2007
Klara Sigríður Sigurðardóttir frá 21.08.2007
Erla Þrándardóttir til 06.03.2007
Petrea Ósk Sigurðardóttir frá 06.03.2007

Fræðslunefnd:

Inga Þóll Þórnýsdóttir
Katrín Björg Ríkarðsdóttir
Hrafnhildur Sigurðardóttir
Friðný Sigurðardóttir
Leifur Þorsteinsson

FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í SAMSTARFSNEFNDUM/VERKEFNUM

Almannavarnanefnd Eyjafjarðar:

Bæjarstjóri
Bæjartæknifræðingur
Slökkviliðsstjóri

Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar:

Baldur Dýrfjörð formaður
Jóhanna Ragnarsdóttir
Þorgerður Þorgílsdóttir
Dýrleif Skjöldal

Félagsstofnun stúdenta við Háskólann á Akureyri:

Halla Margrét Tryggvadóttir

Fjölsmiðjan:

Sigrún Stefánsdóttir

Hafnasamlag Norðurlands:

Björn Magnússon formaður
Guðgeir Hallur Heimisson
Anna Júlíusdóttir
Ólafur Þ. Jónsson
Viðir Benediktsson

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra:

Þóra Ákadóttir formaður
Frosti Meldal

Fulltrúaráð Málræktarsjóðs:

Erlingur Sigurðarson

Stjórn Minjasafnsins á Akureyri:

Ragnheiður Jakobsdóttir
Guðrún Kristjánsdóttir
Baldvin H. Sigurðsson

Hljómsveitarráð Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands:

Gunnar Frímannsson
Vígundur Þorsteinsson
Elín Margrét Lýðsdóttir

Samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra:

Bergur Þorri Benjamínsson

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar:

Bæjarstjóri
Hermann Jón Tómasson
Oddur Helgi Halldórsson

Stjórn sambands íslenskra sveitarfélaga:

Sigrún Björk Jakobsdóttir

Launanefnd sveitarfélaga:

Hermann Jón Tómasson

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra:

Sigrún Björk Jakobsdóttir
Hjalti Jón Sveinsson
Kristján Þór Júlíusson
Hermann Jón Tómasson
Sigrún Stefánsdóttir
Kristín Sigfúsdóttir
Jóhannes G. Bjarnason
Oddur Helgi Halldórsson

Héraðsnefnd Eyjafjarðar:

Hjalti Jón Sveinsson
Kristján Þór Júlíusson
Helena Þuríður Karlsdóttir
Baldvin H. Sigurðsson
Jóhannes G. Bjarnason
Oddur Helgi Halldórsson

Stjórn Eyþings:

Sigrún Björk Jakobsdóttir

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs.:

Helena Þ. Karlsdóttir
Valur Kínútsson
Baldvin Esra Einarsson

Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands:

Kristján Þór Júlíusson
Hermann Jón Tómasson

Veðifélag Eyjafjarðarár:

Hermann Brynjarsson

Vetrariþróttamiðstöð Íslands:

Þórarinn B. Jónsson
Nói Björnsson

FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í STJÓRNUM FYRIRTÆKJA

Flokkun ehf.:

Hermann Jón Tómasson
Baldvin H. Sigurðsson

Fóðurverksmiðjan Laxá hf.:

Árni V. Friðriksson

Þekkingarvörður ehf.

Jón Kristinn Sólnes

